

ELÍNROS LINDAL

Bakar tertu sem til-
einkuð var ballerínu

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BJARTMAR ÞÓRÐARSON
Bregður sér í
þrettán hlutverk

FÖSTUDAGUR FYLGIR
FRÉTTABLAÐINU Í DAG



rekkjan Sjá bls. 7
HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11 september 2009 – 215. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Dansinn er vinsæll

Dansskóli Jóns Péturs og Köru er tuttugu ára og bjóða þau til veislu í Valsheimilinu á sunnudag.

TÍMAMÓT 18



Fréttakona eldar

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir stjórnar matreiðsluþætti í Sjónvarpinu.

FÓLK 34



Góð afkoma Landsvirkjunar

„Arðsemi eiginfjár fyrirtækisins er svipuð og þeirra íslensku fyrirtækja sem oft er vitnað til og talin eru standa sig vel“, skrifar Friðrik Sophusson.

Í DAG 16


Þjóðverjar unnu á EM

Kvinnalandslið Þýskalands vann 6-2 stórsigur gegn Englandi í úrslitaleik EM í Finnlandi í gær.

ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



VATNSVEÐUR Í dag verða suðvestan 8-15 m/s, hvassast suðaustan til síðdegis. Allmikil eða mikil rigning sunnanlands og vestan en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hiti 10-17 stig, hlýjast eystra.

VEÐUR 4

Fangelsin yfirfull og stefnir í að þjófagengingin gangi laus

Útlit er fyrir að ekki verði pláss fyrir meðlimi erlendra glæpagengja í íslenskum fangelsum eftir að þeir hafa hlotið dóm. Fangelsi landsins eru troðfull og 240 bíða þess að verða boðaðir í afplánun.

FANGELSISMÁL Óvíst er hvort hægt verður að láta þau erlendu þjófagengi sem handtekin hafa verið á síðustu vikum og dögum hefja afplánun strax að gengnum dómum yfir þeim, því fangelsi landsins eru yfirfull.

Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að ef staðan breytist ekki þá séu engin önnur úrræði en þau að setja mennina á boðunarlista og sleppa þeim á götuna.

Nær þriðji hver fangi á Litla-Hrauni er erlendur ríkisborgari. Í gær sátu átta menn í gæsluvarðhaldi sem handteknir hafa verið í aðgerðum lögreglu vegna undangenginnar innbrotaðldu. Fangelsis-

málastjóri segir ekki mögulegt að dæla endalaust inn í fangelsin.

„Á meðan þessir nýkomnu einstaklingar eru í einangrun teppa þeir ekki afplánunarplass, en um leið og þeir fara í lausagæslu skapast stórt vandamál. Við höfum verið að sigla með þessum hætti í gegnum síðustu mánuði og ár og ber að þakka frábæru starfsfólki fangelsiskerfisins sitt framlag.“

En nú þyngist róðurinn verulega með hverjum degi sem líður. Við höfum einfaldlega ekki pláss og getum ekki boðað þá einstaklinga sem eru úti á götu inn í fangelsin vegna þess að nánast allir sem koma inn núna fara í gegnum gæsluvarðhald.“

FJÖLDI FANGA

Pláss í fangelsum	133
Fjöldi fanga	140
Í gæsluvarðhaldi	25
Erlendir fangar	30
Þar af Pólverjar	13
Þar af Litháar	5
Önnur þjóðerni	12

Páll segir að hluti þeirra 240 sem nú bíði afplánunar geti sótt um samfélagsþjónustu, en flestir bíði þess að hefja afplánun. Elstu dómarnir séu frá árinu 2005.

„Við erum með forgangslista og reynum að taka inn þá sem taldir eru hættulegir eða virkir í brotum.“

En þegar plássin eru 133 og á þriðja hundrað manns bíða er ljóst að við getum ekki tekið á þessum málum eins og við hefðum viljað.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur sýnt málinu mikinn skilning og unnið er að lausn í samvinnu dómsmálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar.“

Spurður hvort ekki sé hægt að senda erlenda afplánunarfanga til heimalandsins segir Páll það flókið og langt ferli því þeir vilji ekki afplána heima hjá sér heldur hér. Nokkrir Litháar hafi þó verið fluttir út gegn vilja sínum á liðnum mánuðum.

Ekki náðist í Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra í gær. -jss




LÍF OG FIÐR Áhugahópur sem mótmælt hefur fyrirhuguðum framkvæmdum á Ingólfstorgi myndaði orðið LÍF með torfþökum á torginu í gær. Forsvarsmenn hópsins segja uppákomuna hafa verið táknræna, því þeir vilja að torgið lifi áfram. Sjá síðu 12

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umdeild frjálisþróttakona: Caster Semenya er tvíkynja

ÍÞRÓTTIR Caster Semenya, sem vann gullverðlaun í 800 metra hlaupi kvenna á síðasta HM, er tvíkynja. Erlendir fréttamiðlar greindu frá þessu í gærkvöld. Semenya vakti mikla athygli þegar hún vann yfirburðasigur í hlaupinu í Berlín í sumar.



CASTER SEMENYA

Í kjölfarið kviknuðu grunsemdir um að hún væri ekki kona. Hún var skikkuð í kyngreiningu vegna þessa, en opinberlega hefur hún haldið því staðfastlega fram að vera kvenkyns. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar mun hún hafa kynfæri kvenna, en hvorki leg né eggjastokka. Þá er hún með þrefalt meira af karlhormónum en konur hafa alla jafna. -kg

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti sölu á hlut í HS Orku til Magma:

Auðlindamál í endurskoðun

VIRKJANIR Framtíðarfyrirkomulag varðandi auðlindir í eigu hins opinbera eru á dagskrá ríkisstjórnarinnar í dag. Fjölmarginir ráðherrar hafa lýst vilja sínum til breytinga á reglum þar um eftir að kanadíska fyrirtækið Magma gerði tilboð í hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku.

Meirihluti borgarráðs samþykkti samning um sölu á hlut í gær.

Borgarstjórn tekur málið til endanlegrar afgreiðslu á þriðjudaginn. Kaupverð er 12 milljarðar króna og greiddast 30 prósent út og afgangurinn með skuldabréfi til sjö ára.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur ekki farið leynt með þá stefnu flokks síns að orkufyrirtæki verði í opinberri eigu. Hann segir Magma hluta af

stærri máli og ríkisstjórnin muni fara yfir heildarmyndina á fundi sínum. Hann og iðnaðarráðherra hafi undirbúið stefnumótun í þessum málum.

Ríkisstjórnin reyndi að ganga inn í sölu á hlut Magma en ekki náðist samkomulag þar um. Hann segir það á ábyrgð borgarstjórnar að taka ákvörðun um sölu.

-kóp / sjá síðu 6

PRO FITT



Íslenskt fæðubótarefni án allra aukefna

VÖÐVABYGGING

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

Gildir föstudaginn 11., laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09



Ísskápur



149.900

RK60355DE

RÖNNING

www.ronning.is

REYKJAVÍK Skútvogi 1 Sími 562 4011

AKUREYRI Draupnigötu 2 Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR Nesbraut 9 Sími 470 2020

SPURNING DAGSINS



Jóhannes, eru sætindin ef til vill of dýru verði keypt?

„Jú, ætli nammidagarnir detti nú ekki upp fyrir bráðum?“

Óbeinir skattar, svo sem sykurskatturinn, hækka verðtryggð íbúðarlán um átta og hálfan milljarð króna. Neytendasamtökin telja nær að hækka beina skatta. Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytendasamtakanna.

Ráðning Einaris Karls til LSH:

Auglýsa hefði átt starfið laust

STJÓRNSÝSLA Forstjóri Landspítalans fór á svig við lög þegar ráðið var í tímabundið laust starf á sviði almannatengsla spítalans án undangenginnar auglýsingar.

Þetta er mat umboðsmanns Alþingis sem tók málið upp að eigin frumkvæði.

Fréttir af ráðningu Einaris Karls Haraldssonar í starfið vöktu athygli umboðsmanns. Átti hann í bréfaskiptum við forstjóra spítalans en lét málið niður falla þegar fregnir bárust af ráðningu Einaris Karls í starf upplýsingafulltrúa forsætisráðuneytisins. - bps



EINAR KARL HARALDSSON

Spáð sumarhita um helgina:

Esjan orðin eða verður snjólaus

VEÐUR Enn voru tveir örmáir snjóskafar í Gunnlaugsskarði í Esjunni fyrri part viku, en sökum skýjafars hefur ekki tekist að

greina hvort þeir eru horfnir, segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.



EINAR SVEINBJÖRNSSON

Spáð er sumarhlýindum á suðvesturhorninu um helgina og segir Einar að sé Esjan ekki þegar orðin snjólaus verði hún það eflaust á næstu dögum.

Skafllinn í Esjunni hefur verið notaður sem mæliskvarði á veðurfar, hverfi hann hefur sumarið verið gott. Esjan hefur orðið snjólaus síðustu átta ár og það niunda því að bætast í safnið. - bj

Facebook lætur undan þrýstingi og tekur aukið tillit til persónuverndarsjónarmiða:

Þurfa ár til að gera breytingar

PERSÓNUVERND Forsvarsmenn samskiptavefsíðunnar Facebook ætla að taka sér ár í að gera breytingar á síðunni eftir að kanadíska persónuverndarstofnunin gerði alvarlegar athugasemdir við meðferð á þeim persónuupplýsingum sem geymdar eru á Facebook.

Fyrirhugaðar breytingar snúast um svokallaðar viðbætur, forrit sem þrjú aðili getur sett inn, sem og eyðingu heimasvæðis notenda, að því er fram kemur í grein á vef Persónuverndar.

Facebook-samskiptasíðan hefur sætt vaxandi gagnrýni fyrir að upplýsa lítið sem ekkert um hvernig þrjú aðilar fá aðgang að upp-

lýsingum um notendur síðunnar.

Þegar viðbótarforrit eru opnuð í gegnum síðuna þarf notandi að samþykka að veita forritinu aðgang að öllum persónuupplýsingum sem viðkomandi hefur sett inn, en hefur enga stjórn eða vitneskju um hvernig þær upplýsingar eru nýttar, segir á vef Persónuverndar. Forsvarsmenn Facebook segjast nú vilja breyta þessu svo notendur verði betur upplýstir.

Þá vilja stjórnendur samskiptasíðunnar einnig auðvelda eyðingu á heimasvæði notenda, og skýra notendaskilmála betur í tengslum við dauðfall notenda, eins og fram kemur á vef Persónuverndar. - bj



SAMSKIPTI Facebook-samskiptasíðan hefur notið gríðarlegra vinsælda víða um heim, þar á meðal á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kylfa brotnaði í barsmíðum:

Ákærðir fyrir golfkylfuárás

DÓMSMÁL Fjórum ungum mönnum hefur verið birt ákæra fyrir líkamsárás, en þeir réðust með offorsi að fimmta manningnum á Laugavegi eina sumarnóttina í fyrra. Golfkylfu var meðal annars beitt í barsmíðunum.

Árásarmennirnir eru allir fæddir árið 1990 en sá sem ráðist var á er á þrítugsaldri. Mennirnir fjórir eru ákærðir fyrir að hafa látið högg og spörk dýnja á líkama og höfði mannsins. Einn þeirra er svo ákærður fyrir að hafa slegið manninn ítrekað með golfkylfu svo kylfan brotnaði.

Maðurinn hlaut nokkra áverka og krefst 600 þúsunda í bætur. - sh

FME vildi fjölmiðlafólk fyrir dómstóla

Heppilegra hefði verið að fá niðurstöðu dómstóla í máli fjölmiðlafólks sem birti upplýsingar sem bankaleynd hvíldi á en að saksóknari vísaði málum þeirra frá, að mati FME. Ekki rétta leiðin til að tryggja bankaleynd, segir viðskiptaráð-

PERSÓNUVERND Eðlilegra hefði verið að dómstólar fengju að skera úr um hvort fjölmiðlafólk hefði bakað sér refsíabyrgð með því að birta gögn sem varða við bankaleynd, að mati Fjármálaeftirlitsins (FME).

Þetta kom fram í máli Árnýjar J. Guðmundsdóttur, lögfræðings á lánasviði FME, á ráðstefnu um bankaleynd í Háskóla Íslands í gær.

Sérstakur ríkissaksóknari vegna bankahrunsins vísaði í vikunni frá málum sex fjölmiðlamanna sem FME vísaði til hans. Taldi hann bankaleynd ekki eiga við þar sem hún hefði þegar verið rofin þegar einhver afhenti fjölmiðlunum upplýsingarnar. Því hefði ekki verið hægt að saka fjölmiðlamennina um að rjúfa leynd sem þegar hefði verið rofin.

Skilningur FME á lögum um bankaleynd er annar, sagði Árný. Eftirlitið teldi að trúnaðurinn ætti að fylgja gögnunum, sama hver fengi þau í hendur og hvernig. Það hefði einnig verið túlkun einstaklings sem hefði tekið þátt í að skrifa löginn, sem eftirlitið hefði ráðfært sig við.

Heppilegra hefði verið að láta dómstólum eftir að skera úr um þetta álitamál, enda væri þá hægt að fjalla um almannahagsmunir af birtingu slíkra gagna, sem sérstakur ríkissaksóknari hefði ekki gert, sagði Árný.

Björg Thorarensen, forseti laga-deildar Háskóla Íslands, blandaði sér í umræður um málið á ráðstefnunni í gær, og sagðist ekki túlka ákvörðun saksóknarans þannig að fjölmiðlar gætu nú birt hvaða upp-



FÁMENNT Fremur fámennt var á ráðstefnu um bankaleynd sem fram fór í Háskóla Íslands í gær, þrátt fyrir að málefnið sé fólki hugleikið eftir bankahrúnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EKKERT AÐHAFST Í DANMÖRKU

Dönskum yfirvöldum hefði líklega aldrei dottið í hug að sækja fjölmiðlafólk til saka fyrir að birta upplýsingar sem bankaleynd hvílir á, sagði Henrik Juul, bankastjóri Capinordic Bank í Danmörku og lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, á ráðstefnu um bankaleynd í gær.

Þegar á annað borð væri búið að rjúfa trúnað mælti ekkert gegn birtingu, sagði Juul. Danska fjármálaeftirlitið hefði til að mynda ekki aðhafst þótt upplýsingar um háar lánteigar fjármálastofnana hefðu orðið umfjöllunarefni í blaðagreinum og bókum.

lysingar sem er. Persónuverndarsjónarmið ætti enn við. Því yrði fjölmiðlafólk að fara varlega þegar ákveðið væri hvað ætti að birta og hvað ekki. Ríkir almannahagsmunir yrðu að liggja við til að réttlætlegt væri að birta trúnaðargögn.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði það ekki réttu leiðina til að tryggja bankaleynd að kæra

fjölmiðlafólk. Fyrirtæki sem hefði eitthvað óeðlilegt að fela ætti ekki að geta skýlt sér bak við bankaleyndina.

Unnið er að breytingum á lögum um fjármálamarkaðinn, bæði hér á landi og innan Evrópusambandsins, sagði Gylfi. Sú vinna væri þegar langt komin.

brjann@frettabladid.is

Lax úr Ytri-Rangá reyndist hafa óvelkominn ferðafélaga „sér við hlið“.

Sæsteinsuga föst á hausnum

LÍFRÆÐI Lax sem veiddist við Ægissíðufoss í Ytri-Rangá á dögum reyndist hafa fullorðna sæsteinsugu fasta á hausnum. Er þetta fyrsta þekktu tilfellið um að þetta sníkjudýr komi úr ferskvatni hér við land.

Guðbrandur Einarsson, veiðileiðsögumaður við Ytri-Rangá, hefur séð lax dreginn á land við ána í hundraða vis og nokkur fjöldi þeirra hefur haft sár eftir sæsteinsugu. Ekki eru þekkt dæmi þess að steinsugan fylgi hýslinum úr sjó eins og í þessu tilfelli. „Ég velti því fyrir mér hvort kvikindið hafi fylgt laxinum vegna þess að hún saug sig fasta við hausinn á honum. Ég hef aldrei séð haussár á laxi heldur eru þau alltaf á búknun.“

Ekki hefur tekist að staðfesta að sæsteinsuga sé tekin að hrygna á Íslandi, þrátt fyrir að



AÐSKILIN Hér má sjá hversu illa sæsteinsugan leikur laxinn.

MYND/GUÐBRANDUR



FYLGFIFISKAR Laxinn, sem var um sex pund að þyngd, var ekki mikið lengri en sæsteinsugan. Hún hefur líklega verið föst við laxinn í langan tíma.


ummerki eftir þetta sníkjudýr hafi fundist á sjóbirtingi veiddum á Suðurlandi um nokkurra ára skeið.

Vitað er að sæsteinsuga getur valdið dauða hýsils síns og getur hún einnig valdið miklum usla í stofnum laxfiska. - shá



... og rjómi





Tækni, þekking og þjónusta – í öndvegi í 90 ár

ÍSAGA stendur nú á tímamótum og fagnar níutíu ára starfsafmæli. Einkunnarorðin „tækni, þekking og þjónusta“ hafa verið leiðarljós okkar á undangengnum árum og gefist vel.

ÍSAGA þakkar starfsmönnum sínum og viðskiptavinum fyrir samstarfið og viðskiptin á liðnum árum.

Framúrskarandi gæði og frábær þjónusta – það er rétta formúlan

ÍSAGA ehf. | Sími: 577 3000

ÍSAGA SÍÐAN 1919

Linde Gas } **AGA**
Linde Healthcare

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,24	124,84
Sterlingspund	205,08	206,08
Evra	180,51	181,53
Dönsk króna	24,246	24,388
Norsk króna	20,837	20,959
Sænsk króna	17,614	17,718
Japanskt jen	1,3471	1,3549

SDR 195,77 196,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,8974

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Siðanefnd Blaðmannafélags Íslands fellir úrskurð um alvarlegt brot:

DV braut gegn siðareglum

FJÖLMÍÐLAR Siðanefnd Blaðmannafélags Íslands hefur fellt úrskurð um að blaðamaður og ritstjórari DV hafi brotið alvarlega gegn þriðju grein siðareglna félagsins. Blaðið fjallaði um ávirðingar konu, en viðmælandi blaðsins ásakaði hana um svik, lygar, lögbrot og framhjáhald.

Siðanefndin segir að þó að konan sé ekki nafngreind hafi upplýsingar um hana verið það ítarlegar að jaðraði við nafnbirtingu. Þá segir að ófullnægjandi hafi verið að leita staðfestinga hjá tveimur einstaklingum „í heimi kraftlyftinga“, en konan hafði tengst því samfélagi. Á



BRUTU AF SÉR Ritstjórari og blaðamaður DV eru sagðir hafa brotið alvarlega gegn siðareglum Blaðmannafélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

engan hátt hafi gagnsjónarmiða konunnar verið leitað.

Einn þeirra kærður var Sigurjón M. Egilsson, en hann hafði

hætt sem ritstjóri rúmu ári áður en fréttin birtist. Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir um misskilning að ræða. Lögmaðurinn hafi fengið nafn Sigurjóns af vef DV, þar sem hann var enn titlaður ritstjóri. Í útsendum úrskurði hafi nafn hans enn staðið yfir þá sem voru kærðir. Augljóslega hafi úrskurðurinn ekki átt við hann þar sem hann var hættur.

Hjálmar segir að eflaust hefði farið betur á að fyrirbyggja misskilninginn algjörlega. Ónákvæmni hafi þó verið leiðrétt í þeim úrskurði sem birtur var á vef félagsins.

- kóp

Tyrkneskur platveruleiki:

Konum bjargað úr svikaprisund

TYRKLAND, AP Herlögreglan í Tyrklandi hefur bjargað níu konum úr stóru íbúðarhúsi í Istanbúl þar sem þeim hafði verið haldið föngnum í tvo mánuði.

Upphaflega voru þær látnar halda að þær væru þátttakendur í raunveruleikasjónvarpsþætti, þar sem sjónvarpsveitar fylgdu með þeim dag og nótt. Þess í stað voru myndir af þeim seldar á Netinu.

Lögreglan lét til skarar skriða eftir að ættingjar sumra þeirra lögðu fram kæru vegna þess að þeir fengu ekki að hafa samband við þær. Sú yngsta kvennanna níu er aðeins fimmtán ára.

- gb

Prýsta á dönsk stjórnvöld: Ræða börnin brottfluttu

GRÆNLAND Ljúka skal máli 22 grænlenkra barna, sem voru flutt nauðungarflutningum til Danmerkur á sjötta áratugnum, á virðulegan hátt.

Þetta segir formaður grænlenksu landsstjórnarinnar, Kuupik Kleist. Hann ætlar að ræða um flutningana við Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Dana, í næstu viku.

Málið sé „byrði í bakpoka sögunnar“ og lausnin kunni að felast í afsökunarbeiðni danskra stjórnvalda. Flutningarnir voru á sínum tíma tilraun Dana til að hreinsa börnin af grænlenksu þjóðerni.

- kóp

Krefst milljónar í skaðabætur: Magnús stefnir fréttamanni

DÓMSMÁL Athafnamaðurinn Magnús Þorsteinsson hefur stefnt Gunnari Erni Jónssyni, fréttamanni á fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis.



MAGNÚS ÞORSTEINSSON

erlenda bankareikninga í október á síðasta ári.

- jhh

Magnús krefst einnar milljónar króna í skaðabætur vegna fréttar fréttastofunnar um milli-færslur hans úr Straumi yfir á erlenda bankareikninga í október á síðasta ári.

LEIÐRÉTTING

Eigendur inneigna á gjaldeyrisreikningum sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær eru ekki bara íslensk fyrirtæki, heldur einnig íslensk heimili, sveitarfélög og stofnanir. Seðlabankinn getur ekki greint upphæðirnar niður eftir fyrirtækjum eingöngu.

Velferðarsamfélagið byggir á samkeppni

Samstarf norrænu samkeppniseftirlitanna hefur staðið í hálfu öld. Þau funda nú í Reykjavík og stilla saman strengi í ljósi efnahagsþrenginga. Lögð er áhersla á að lausnin í kreppu felist ekki í að milda eftirlit með samkeppnishömlum.

VIÐSKIPTI „Virki samkeppni er ein grunnforsenda þess að hægt sé að viðhalda norrænu velferðarkerfi“, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (SE). „Stefnumörkun okkar gengur út á að menn megi ekki leiðast út í að horfa á skammtímahagsmuni einstakra fyrirtækja heldur verði að horfa á langtímahagsmuni samfélagsins.“

Þetta er meðal niðurstaðna norrænna samkeppniseftirlita í sameiginlegri skýrslu sem tekur á álitamálum samkeppnisumhverfis á tímum efnahagsþrenginga. Forsvarsmenn norrænu samkeppniseftirlitanna funda nú í Reykjavík og byggja á samstarfi sem hófst fyrir fimmtíu árum.

„Skammtímalausnir eru oft vandamál morgundagsins“, segir Páll Gunnar. Hann minnir á að efnahagskreppur fyrri tíma hafi kallað á viðbrögð sem hafi dregið áhrif þeirra á langinn. Meðal þeirra aðgerða var verndarstefna og veikning samkeppnisreglna. Í skýrslunni er því lögð þung áhersla á að dreginn sé lærdómur af reynslu genginna kynslóða. Í aðgerðum gegn kreppunni verði að hafa hliðsjón af áhrifum þeirra á samkeppni. Slíkt verði gert strax frá upphafi þannig að ekki þurfi að vinna ofan af aðgerðum sem skaði samkeppni, til langvarandi tjóns fyrir neytendur og samfélagið í heild.

Eftir hrúnið sendi SE stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum samantekt yfir þau atriði sem hafa þyrfti í huga í því umhverfi sem hér hefði skapast. Stjórnvöld tóku tillit til þessara atriða í eiginastefnu ríkisins. „Stjórnvöld hafa



FRÁ KYNNINGARFUNDI Samstarf norrænu samkeppniseftirlitanna hefur staðið í fimmtíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á EFTIRFARANDI:

- Virki samkeppni er mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og skapa grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld.
- Samkeppniseftirlitin munu vera sveigjanleg í meðferð brýnna samrunamála og hraða málsmeðferð, en munu ekki beita vægara mati á samkeppnislegum áhrifum samruna.
- Fyrirtækjum má ekki líðast að bregðast við efnahagskreppu með ólögum samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.
- Virki samkeppni í útboðum skiptir sköpum.
- Lágmarka þarf eins og kostur er samkeppnishindranir sem stafa af ríkisstyrkjum.

því tekið þetta upp í sinni stefnumörkun“, segir Páll Gunnar. „Við höfum síðan fylgt þessu eftir varðandi bankana og þeir eru að feta sig áfram. Við höfum gert athugasemdir, til dæmis um að þeir setji upp skýrar vinnureglur svo fólk hafi trú á því að samkeppnisreglur séu virtar.“

Ljóst er að öll samkeppniseftirlitin

hyggjast draga skýra línu. „Við þessar aðstæður getur verið freistandi fyrir stór fyrirtæki að nýta sér, og jafnvel misnota, ráðandi stöðu á markaðnum. Samkeppnisfyrirvöld á Norðurlöndunum munu ekki umbera brot á samkeppnislögunum“, sagði Dan Sjöblom, forstjóri sænska samkeppniseftirlitsins, þegar skýrslan var kynnt í gær. svavar@frettabladid.is

BOÐSKAPUR FORSTJÓRANNA

„Það er mjög freistandi fyrir stjórnvöld að koma í veg fyrir að fyrirtæki hverfi af markaði. Það er þó það sem þau ættu alfarið að forðast. Það lengir aðeins kreppuna. Það sem verður að gera er að treysta samkeppni, ekki veikja hana.“

Áherslan á að vera á sterk fyrirtæki sem geta stuðlað að uppbyggingu.“

Agnete Gersing, forstjóri danska samkeppniseftirlitsins.



AGNETE GERSING

„Velferðarkerfið verður að verja með öllum ráðum. Það er ekki hægt að vinna sig út úr fjármálakreppu án þess að standa vörð um einstaklinginn. Það var ekki gert í Finnlandi og við erum enn að gjalda fyrir þau mistök.“

Juhani Jokinen, forstjóri finnska samkeppniseftirlitsins.



JUHANI JOKINEN

„Sagan sýnir að aðgerðir sem draga úr samkeppni ýta í reynd undir hina efnahagslegu erfiðleika og draga kreppuna á langinn umfram það sem vera þyrfti. Þess vegna verðum við að sjá til þess að aðgerðir sem gripið er til í því skyni að takast á við kreppuna séu þannig mótaðar að þær dragi ekki úr samkeppni.“

Knut Eggum Johansen, forstjóri norska samkeppniseftirlitsins.



KNUT E. JOHANSEN

Yes To snyrtivörur

Sjampó

790,-

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi // Korputorgi / 112 Reykjavík

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

FRÁBÆR HELGI
Það verður ekki amalegt veðrið á Norðaustur- og Austurlandi um helgina. Bjartviðri með miklum hlýindum eða hita sem kann að ná um eða yfir 20 gráður. Hlýrra verður á sunnudeginum heldur en laugardeginum en engu að síður hlýtt báða dagana. Annars staðar verður finasta veður en hætt við lítills háttar súld sunnan og vestan til.

HEIMURINN

Alicante	28°
Amsterdam	21°
Basel	22°
Berlín	23°
Billund	20°
Eindhoven	21°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	27°
London	22°
New York	19°
Orlando	31°
Osló	19°
París	22°
Róm	30°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur norð-vestan til

SUNNUNAGUR 8-13 m/s NV- og austan Vatnajökuls, annars hægarí.

ÓDÝRT Í
HAGKAUP

ÓDÝRT Í
HAGKAUP

BOLUR
1.699.-



BOLUR
1.699.-



ÚLPA
2.799.-



GALLABUXUR
2.999.-



BOLUR
999.-



BOLUR
999.-



BOLUR
1.699.-

BUXUR
2.499.-



BOLUR
1.999.-



LEGGINGS
999.-

Gildir til 17. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Ætti að tengja húsnæðislán við launavísitölu?

Já	75%
Nei	25%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú fylgjandi fyrirhuguðum breytingum á Ingólfrstorgi?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Verðmæti þýfis sem lögregla hefur fundið í húsleitum hleypur á milljónum:

Nokkrir búnir að játa innbrot

LÖGREGLUMÁL Yfirheyrslur yfir þeim meintu þjófum sem sitja í gæsluvarðhaldi eru í fullum gangi. Í einhverjum tilvikum liggja játningar í innbrotsmálum fyrir.

Meðal þess þýfis sem lögregla hefur fundið á síðastliðnum dögum var mikið magn af vönduðum íþróttafatnaði. Andvirði þess fatnaðar sem stolið var úr fyrirtæki í borginni er 1,8 milljón króna.

Karlmaður úr þeim níu manna hópi sem handtekinn var fyrr í vikunni hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku. Hann hafði áður verið handtekinn vegna gruns um aðild að innbrotum á höfuðborgarsvæðinu.

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirförelögurþjónn á svæðisstöð 4 í Mosfellsbæ, segir óyggjandi að þýfi sem lögreglan fann í aðgerðunum sé úr fjórum innbrotum, á þrjú heimili og í eitt fyrirtæki.

Lögreglan rannsakar þjófnaðarmálin af fullum krafti, auk þess sem verið er að skrá, flokka og ljósmynda það mikla magn þýfis, sem hún hefur fundið í húsleitum. Síðan verður lögð áhersla á að koma öllu í réttar hendur. Fólki er bent á að lögreglan hefur frumkvæði að því að hringja í það í tilvikum þar sem talið er að þýfi sé úr tilteknum innbrotum.

- jss



SKARTGRIPUR Enn sem fyrr fann lögreglan mikið magn af skartgripum, auk annars þýfis, fyrr í vikunni.

ASÍ gagnrýnir stjórnvöld: Framkvæmdir þegar í stað

EFNAHAGSMÁL Miðstjórn Alþýðusambandsins ræddi greiðsluvanda heimilanna á fundi sínum á miðvikudag. Komu fram þungar áhyggjur og er auglýst eftir aðgerðum stjórnvalda.

Að sögn Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ, er í gangi vinna innan ASÍ um mótun tillagna til að létta á greiðsluvanda þeirra heimila sem verst eru sett.

Miðstjórnin ræddi framkvæmdir og baráttuna gegn atvinnuleysi. Gylfi segir seingang stjórnvalda á mælisverðan og kallar eftir tafarlausum aðgerðum.

- shá

HÆSTIRÉTTUR

Farbann staðfest

Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir Catalinu Mikue Ncogo, íslenski konu ættaðri frá Miðbaugs-Gíneu, til 27. október. Catalina sætir nú ákæru fyrir innflutning á kókaini, sem og ákæru um að hafa bitið lögreglumann. Þá er verið að rannsaka hvort Catalina hefur gerst sek um mansal, en hún hefur játað að hafa gert út hóp vændiskvenna.

MEXÍKÓ

Vildi vara við jarðskjálfta

Bólívíski presturinn sem rændi farþegaþotu í Mexíkó í fyrradag er heitruaður og kveðst hafa verið í guðdómlegri sendiför. Presturinn hótaði að sprengja vélina og krafðist þess að fá að tala við Calderon Mexíkóforseta. Hann yrði að vara við jarðskjálfta því ef dagsetningunni 9.9.09 væri snúid við kæmi út 666, sem er tala dýrsins, Satans.

Costa del Sol

15. september

frá kr. **29.990**

Verð frá kr. **29.990**

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 15. september í 11 nætur. Netverð á mann.

Gisting frá kr. **3.700** m.v. 2-4 stúdíó / íbúð á Aguamarina á, mann pr nótt.

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Costa del Sol 15. september í 11 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu, m.a. góð íbúðahótel meðan á dvölinni stendur. Ath. heimflug 26. september er frá Jerez (rútuferð frá Malaga til Jerez tekur um 3 klst.).



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Ertu á vergangi?

Verbuð – Skrifstofuathvarf býður uppá heildarlausnir fyrir minni fyrirtæki.

Vönduð skrifstofuaðstaða búin allri nútímatækni á besta stað í Reykjavík.

Hvort sem þú ert með nýstofnað fyrirtæki, þarft að stækka eða minnka skrifstofuna, ert að vinna að verkefni eða vantar tímabundna aðstöðu fyrir erlenda samstarfsaðila. Við höfum lausnina fyrir þig. Fullbúin fundarherbergi með skjávarpa og fjarfunda búnaði. Móttaka, póstpjónusta, símsvörun og fullkomið IP símkerfi.

Skrifstofuaðstaða frá 14.900 kr. á mánuði.

Kynntu þér málið á www.verbud.is



Opið hús föstudag og laugardag frá kl. 11 - 17

VERBÚÐ
SKRIFSTOFUATHVARF

HÖFÐABAKKA 9 • 110 REYKJAVÍK • WWW.VERBUD.IS

Borgarráð samþykkir sölu HS til Magma

Meirihluti borgarráðs samþykkti í gær að selja hlut Orkuveitunnar í HS Orku til kanadíska fyrirtækisins Magma. Minnihlutinn gagnrýnir sölu. Samningurinn fer fyrir borgarstjórn á þriðjudag. Auðlinda- og orkumál rædd í ríkisstjórn í dag.

ORKUMÁL Borgarráð samþykkti samning Orkuveitu Reykjavíkur og Magma Energy Sweden um sölu á hlut fyrrnefnda fyrirtækisins í HS Orku. Staðfestingu borgarstjórnar þarf til að samningurinn ná í gegn, en telja verður ljóst að meirihlutinn muni samþykka málið þar líkt og í borgarráði.

Á fundinum í gær voru lögð fram svör endurskoðunarfyrirtækisins KPMG við spurningum fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna frá síðasta borgarráðsfundi. Þá lagði borgarstjóri fram svör við 32 spurningum sömu fulltrúa.

Fulltrúar minnihlutans bókuðu á fundinum að í svörum KPMG fælist áfelligdómur yfir þeim forsendum sem gengið væri út frá við mat meirihlutans á tilboði Magma. Þá væri hvorki Magma né HS Orka með skráð lánsþæfismat. Þá töldu

fulltrúarnir svör borgarstjóra einkennast af útúrsmúningi og buðu þeir honum að draga þau til baka.

Meirihlutinn ítrekaði að ekki væri um sölu á auðlindum að ræða og salan væri mikilvæg fyrir Orkuveituna og Reykjavíkurborg. Markmiðið væri ekki að einkavæða HS Orku, heldur losa borgina við áhrifalítinn hlut í fyrirtækinu. Þá minntu þeir á úrskurð samkeppnisyrvalda, sem gerðu Orkuveitunni að selja hlut sinn.

Samkvæmt samningnum greiðir Magma um tólf milljarða króna fyrir hlutinn, þar af þrjátíu prósent í reiðufé. Afgangurinn er í formi skuldabréfs, sem greiða skal að sjö árum liðnum, með veð í hlutabréfunum sjálfum.

Í svörum KPMG við fyrirspurn minnihlutans segir að óvissuþættir

séu vegna mats á áhættuálagi skuldabréfsins. Það helgist ekki síst af því að ekkert fyrirtækjanna sem tengist samningnum sé með skráð lánsþæfismat.

Þá telur KPMG að óvissa ríki um verðmæti hlutabréfanna. Ekki sé hægt að ganga út frá því að gengið 4,7, sem gert er ráð fyrir, endurspegli rétt verð.

Sala á hlutum rataði inn á borð ríkisstjórnarinnar og viðræður um aðkomu stjórnvalda að kaupunum runnu út um þúfur. Á ríkisstjórnarfundum í dag verður fyrirkomulag auðlinda- og orkumála rætt áfram. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra hafa unnið saman að heildarskoðun þeirra mála og er von á tillögum með haustinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

kolbeinn@frettabladid.is

Yfirvöld í Reykjanesbæ svara bréfi iðnaðarráðherra um leigutíma á auðlindum:

Saka ríkisstjórnina um árás

ORKUMÁL Ríkisstjórnin virðist aðeins geta komið sér saman um eitt atriði varðandi sölu Orkuveitu Reykjavíkur á hlut sínum í HS Orku, og það er að ráðast á bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ. Þetta er full-yrft í opnu bréfi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs Reykjanesbæjar til iðnaðarráðherra.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið að 65 ára leigutími Reykjanesbæjar á orkuaudlindum til HS Orku væri of langur, og farið væri gegn anda laganna.

Í opnu bréfi Árna Sigfússonar bæjarstjóra og Böðvars Jónssonar, formanns bæjarráðs Reykjanesbæjar, er bent á að afskriftartími virkjana Landsvirkjunar sé sextíu ár. Ógerningur sé að hafa leigutíma virkjunar skemmi en afskriftartíma.

Í bréfinu segir að árásir iðnaðarráðherra séu sérlega ómaklegar í ljósi þess að Reykjanesbær hafi gengið fram fyrir skjöldu og greitt um milljarð króna til að tryggja að landið og auðlindirnar yrðu áfram í opinberri eigu. Hefði það ekki verið gert hefðu auðlindirnar verið í eigu HS Orku, og því



BÖÐVAR JÓNSSON

ÁRNI SIGFÚSSON

raunverulegur möguleiki á að þær kæmst í meirihlutaeigu útlendinga.

Bæjaryfirvöld hafna því að samningur bæjarins við HS Orku sé ekki í anda laganna. Hann sé þvert á móti algerlega samkvæmt lögum og í þeirra anda. Það staðfesti bæði lögmenn og þingmenn sem staðið hafi að lagasetningunni.

- bj

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU REKKJUNNAR

ER Á MORGUN
LAUGARDAG!

25-70% AFSLÁTTUR!

KING KOIL

Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)

**FRÁ kr.
99.850**

SVEFNSÓFAR

**25 TIL
30%
AFSLÁTTUR**

HELSUKODDAR

**30%
AFSLÁTTUR**

SÆNGURVER

**30%
AFSLÁTTUR**

rekkjan

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hafa húsnaðislán heimilanna hækkað mikið vegna nýlegra skattahækkana?
2. Hvað heitir stækkunarstjóri Evrópusambandsins?
3. Hvaða kvikmynd verður sýnd í bílabíói Kvikmynda-hátíðar?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 34

Tuttugu og þriggja hrossa hóp hleypt á þjóðveginn að kvöldlagi:

Stórhættulegt athæfi í Ölfusi

DÝRAHALD „Það var opnað fyrir tuttugu og þremur tryppum hjá mér og þeim hleypt út á þjóðveginn, sem er náttúrulega stórhættulegt athæfi.“

Þetta segir Hjörtur Bergmann Jónsson á Læk í Ölfusi. Hrossahópurinn sem um ræðir var á afgirtu túni hjá Hirti. Grindarhlið á lómum er milli hólsins og þjóðvegarins. Það var opnað á föstudagskvöldið og fóru hrossin rakleiðis út á veginn.

„Það kom maður hérna úr sveitinni brunandi hingað heim, þegar hann sá þetta. Við rukum til og komum þeim inn aftur.“

Það á enginn erindi þarna um



LAUSAGANGA Alvarleg slys hafa hlotist af lausagöngu stórgripa við og á þjóðvegum.

nema heimafólk, svo mér sýnist einna helst að þetta hafi verið gert

af kvikindisskap. Þetta er óskiljanlegt athæfi,“ bætir Hjörtur við og bendir á að svona nokkru fylgi slyshætta bæði fyrir skepnur og fólk. Farið hafi verið að dimma þegar hrossunum var hleypt út og þarna hefði getað orðið stórslys.

„Við sjáum reglulega stórgripi á þjóðvegnum, einkum þó hross,“ segir Frímánn Baldursson, varðstjóri í lögreglunni á Selfossi. Hann segir að þetta geti verið allt að tíu gripa hópar. Ástæða þessa sé einkum lélegar girðingar og hlið, en stundum gleymi menn að loka hliðunum á eftir sér. Af þessu hafi hlotist alvarleg slys eins og dæmin sanni.

-jss

Úgúrararnir í Guantánamo:

Prír þiggja boð frá Kyrrahafseyju

PALÁ, AP Þrír kínverskir múslimar, sem árum saman hafa setið í fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu, hafa þegið boð stjórnvalda á Kyrrahafseyjunni Palá um að setjast þar að. Lögmaður þeirra segir þá hlakka til að komast burt og geta hafið nýtt líf, líklega strax í næsta mánuði.

Alls eru þrettán Úgúrar frá Kína í Guantánamo-búðunum, en ekki er ljóst hvort hinir tíu munu þekkjast boðið. Bandaríkjastjórn telur ekki ástæðu til að halda þeim í búðunum, en ekki þykir óhætt að senda þá til Kína af ótta við harðar móttökur þarlandra stjórnvalda.

-gb

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

Gildir föstudaginn 11., laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09



ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA MEÐ NÁMUNNI

Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 frjár færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi.

 Landsbankinn

Jón Benediktsson,
Námufélagi og
stærðfræðinemi



Lauti Linart

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ



OBAMA ÁVARPAR SAMEINAD ÞING Bandaríkjaforseti leggur mikla áherslu á að koma þessu baráttumáli sínu í gegnum þingið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

46 milljónir búa við ekkert öryggisnet

Bandaríkjaforseti reynir að blása nýju lífi í frumvarp um almennar heilbrigðistryggingar. Óvíst er hvort ræða hans breytir afstöðu repúblíkana enda ætla demókratar að hraða málinu í gegnum þingið.

BANDARÍKIN, AP „Ég er ekki fyrsti forsetinn til að taka upp þennan málstað, en ég er staðráðinn í að verða sá síðasti,“ sagði Barack Obama í ræðu sinni á þingi í fyrrakvöld, þar sem hann hvatti til þess að viðamiklar breytingar yrðu gerðar á heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna.

Hann hefur í allt sumar reynt að sannfæra þingmenn beggja flokka, marga demókrata en einkum þó repúblíkana, um nauðsyn þess að samþykka frumvarp hans um að allir Bandaríkjamenn fái heilbrigðistryggingar.

Manntalsskrifstofa Bandaríkjanna sendi í gær frá sér nýjar tölur þar sem segir að fjöldi ótryggðra sé kominn upp í 46,3 milljónir. Þessi hópur fær enga fjárhagsaðstoð, hvorki frá ríki né tryggingafélögum, ef hann missir heilsuna.

„Við erum eina lýðræðisríkið, eina þróaða lýðræðisríkið, eina auðuga þjóðin, sem lætur milljónir íbúa sinna búa við slíkt harðræði,“ sagði Obama í ræðu sinni.

„Þau sameiginlegu mistök okkar að rísa ekki undir þessu verkefni, ár eftir ár, áratug eftir áratug, hefur leitt okkur fram á heljarþróm. Allir skilja það ótrúlega harðræði sem hinir ótryggðu búa við, að aðeins þurfi eitt slys eða sjúkdóm til að gjaldþrot blasi við þeim.“

Ræðan var flutt til þess að blása nýju lífi í umræðuna, en óvíst er hvort honum tókst að sannfæra andstæðinga sína svo nokkru næmi. Repúblíkanninn

„Allir skilja það ótrúlega harðræði sem hinir ótryggðu búa við, að aðeins þurfi eitt slys eða sjúkdóm til að gjaldþrot blasi við þeim.“

BARACK OBAMA
FORSETI BANDARÍKJANNA

John McCain, fyrrverandi mótframbjóðandi hans um forsetaembættið, sagðist sammála því að eitthvað þyrfti að gera varðandi heilbrigðistryggingar, en bætti því við að ef frumvarpið ætti að verða að lögum yrði að gera meira til að friða róttækan minnihluta-hóp í Repúblíkanaflokknum.

„Við verðum að gera þetta, en þetta verður að vera verk beggja flokka,“ sagði McCain.

Demókratar hafa hins vegar takmarkaða þolinmæði til að draga málið enn á langinn. Max Baucus, formaður fjárlaganefndar öldungadeildarinnar, sagðist á miðvikudag ætla að fá málið afgreitt, með eða án repúblíkana.

Mikill hiti er í repúblíkönunum vegna málsins. Einn þingmannanna þeirra, Joe Wilson, hrópaði „þú lýgur!“ að Obama í miðri ræðunni, en uppskar fyrir vikið harða gagnrýni jafnt demókrata sem margra repúblíkana, enda ekki venjan að bauna slíku á forseta Bandaríkjanna þegar hann heldur ræðu í sameinuðu þingi. Wilson sá sig tilfyrddan til að biðja Obama afsökunar á þessu.

gudsteinn@frettabladid.is

KEA

LONDONLAMB

1.259 kr/kg

~~2.099~~ kr/kg

40%
afsláttur

Frábært verð!

BLÓDMÖR 4stk.
Frosin og ósoðin

449 kr/kg

~~748~~ kr/kg

GOÐI

40%
afsláttur

52%
afsláttur

FERSKUR GRÍSABÓGUR
1/2 pakkaður

398 kr/kg

~~830~~ kr/kg

GOÐI

38%
afsláttur

LIFRAPYLSA 4stk.
Frosin og ósoðin

495 kr/kg

~~798~~ kr/kg

GOÐI

OLITALIA ÓLÍFUOLÍA 1l

798 kr/stk.

TILBOÐ

Spaghettí 250g fylgir frítt með!

50%
afsláttur

FERKST KJÚKLINGAHAKK

395 kr/kg

~~790~~ kr/kg

ICEBERG

129 kr/kg

~~258~~ kr/kg

50%
afsláttur

HILL KEX 150g

Burboun Creams eða Custard Creams

69 kr/pk.

~~79~~ kr/pk.

www.marknun.is

HILL FAMILY CREAM 600g

249 kr/pk.

~~289~~ kr/pk.

Nýtt í öllum
Nettó verslunum

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 10. - 13. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

KOMNIR!



Verð 6990,-

Nýja undirfataverslun
Hamraborg 20a Kópavogi
ynja.is • NANA Hólagarði

Starfsmenn Patta í áfalli eftir þjófnað á sófasettum tvær nætur í röð:

Stálu sautján leðursófasettum

LÖGREGLUMÁL Andvirði sautján sófasetta sem stolið var úr gámum við fyrirtæki í Dugguvogi 2 í fyrrinótt og nóttina þar áður nemur rúmlega fjórum milljónum króna. Óvíst var síðdegis í gær hvort þau voru tryggð.

„Við erum hreinlega í sjokki,“ segir Þórarinn Hávarðsson, sölustjóri Patta ehf., sem flutti húsgögnin inn.

Gámarnir sem farið var í, fjórir að tölu, voru læstir með hengilás, en lásarnir voru allir hornfir þegar starfsfólkið mætti til vinnu í fyrradag. Gámarnir voru hálfopnir. Þegar farið var að athuga málið kom í ljós að fimm sófa-



SÓFASETTIN Þannig líta þau út, stolnu sófasettin. Gunnar Hávarðsson sölustjóri situr í einu slíku.

settum hafði verið stolið. Í fyrrakvöld var sendiferðabíl lagt upp við hurðir gámana til að hindra frekari þjófnað.

Sú ráðstöfun hafði ekki erindi sem erfiði því í gærmorgun hafði allt að tólf sófasettum til viðbótar verið stolið.

Sófasettin eru öll klædd ljósu leðri, nema eitt sem er úr svörtu leðri. Þau eru framleidd í ítalskri verksmiðju í Kína.

Hafi einhverjir orðið við mannaferðir við Dugguvog 2 í fyrrinótt og nóttina þar áður eru viðkomandi vinsamlegast beðnir að láta lögregluna vita.

-jss

S skapa á 15.000 störf: Hefjast verður handa án tafar

EFNAHAGSMÁL Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, varar við hörðum vetri í leiðara sínum í nýju fréttabréfi samtakanna. Hann segir brýnt að hefja aðgerðir sem kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum. Þar hafi verið sett fram sú sýn að skapa 15.000 störf fram til ársins 2013 en sá árangur náist ekki nema hagvöxtur verði óvenju mikill, eða 4-4,5 prósent á hverju ári.

Til að hagvöxtur hefjist á ný liggja fjárfestingar í orkugeiranum og tengdum iðju- og gagnaverum beinast við, segir Hannes.

-shá



HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ LÚÐA
SKÖTUSELUR
LAXAFLÖK
STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
TÚNFISKUR

Hugsum
um heilsuna
og borðu
fisk.

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Vissu ekki að samræði væri óeðlilegt

Mörg barna við Heyrnleysingjaskólann sættu kynferðislegu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni. Heyrnarlaus og heyrnarskert börn eru í töluverðri áhættu fyrir kynferðislegri misnotkun. Þau eru í sérstakri áhættu í skólum og á vistum.

FÉLAGSMÁL Börn sem námu við Heyrnleysingjaskólann og sættu þar kynferðislegu ofbeldi höfðu á þeim tíma ekki skilning á því sem var að gerast og áttuðu sig ekki á hvort eðlilegt væri eða ekki að börn hefðu samræði eða önnur kynferðismök.

Þetta kemur fram í skýrslu vistheimilaneftdar forsætisráðherra.

Er vitnað til orða sumra viðmælenda nefndarinnar um að þeir hafi ekki beinlínis verið þvingaðir heldur tekið þátt í kynferðislegum athöfnum sem þeir hafi haft takmarkaðan skilning á. Í sumum tilvikum hafi þetta haft þau áhrif að fólkið hafi verið ringlað gagnvart kynferði sínu og ekki áttað sig á kynhneigð sinni og því hverjar forsendur fyrir kynlífi væru fyrir en á efri unglingsárum.

Átján þeirra sem nefndin ræddi við greindu frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða hafa orðið vitni að slíku á námsárum við skólann. Var það ýmist framið af öðrum nemendum, tilteknum kennurum eða utanaðkomandi einstaklingi.

Í skýrslunni er sagt frá könnun sem Rannsóknir og greining gerðu meðal heyrnarlausra árið 2004.

Niðurstöður hennar sýna, svo ekki verður um villst, að heyrnarlaus og heyrnarskert börn eru í töluverðri áhættu fyrir kynferðislegri misnotkun. Er þær í samræmi við niðurstöður erlendrar rannsóknar sem benda einnig til þess að heyrnarlausir geti verið í sérstakri áhættu í skólum og á heimavistum.

Nýleg norsk könnun gefur til kynna að misnotkun heyrnarlausra hafi verið mun alvarlegri en þeirra sem voru heyrandi og að fáir þeirra heyrnarlausu hafi sagt frá misnotkuninni. Einnig kom í ljós að í næstum helmingi tilvika hefði gerandinn einnig verið heyrnarlaus og að um helmingur tilvika hefði átt sér stað í sérskóla fyrir heyrnarlausu.

bjorn@frettabladid.is



SORG Heyrnarlaus og heyrnarskert börn eru í töluverðri áhættu fyrir kynferðislegri misnotkun. NORDICPHOTOS/GETTY

BUNDIN OFAN Á BORD Í ÞVOTTAHÚSI

- Í frásögn konu kom fram að tveir úr hópi eldri nemenda hefðu beitt hana kynferðisofbeldi árum saman.
- Einn af þeim sem greindu nefndinni frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu eldri nemenda sagði að það hefði hafist þegar hún var níu ára. Það hefði atvikast þannig að hún hefði verið bundin ofan á borð í þvottahúsi skólans og að fjórir einstaklingar úr hópi eldri nemenda hefðu verið þar að verki. Einn þeirra hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi, meðal annars samræði, en hinir horft á. Greindi hún frá því að sá er hefði haft við hana samfarir hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi árum saman eftir þetta atvik, meðal annars haft samræði við hana í fjölmörg skipti.
- Fimm greindu frá því að tiltekinn fullorðinn utanaðkomandi einstaklingur hefði beitt þá kynferðislegu ofbeldi eða gert tilraun til þess. Hann hefði oft ekið bifreið

sinni að skólanum og boðið drengjum upp í bifreiðina. Þrjár greindu frá því að í mörg skipti hefði honum tekist að fá vilja sínum framgengt; í bifreið hans víðs vegar um borgina, á heimili hans og öðrum stöðum, og oft hefði viðkomandi veitt þeim áfengi í þau skipti er ofbeldinu var beitt.

■ Fimm frásagnir komu um kynferðislega áreitni af hálfu kennara við skólann. Þrjár stúlkur greindu frá því að tiltekinn kennari hefði strokið þeim með óeðlilegum hætti um brjóst og axlir en ein að slíkt hefði hent hana í eitt skipti. Þá lýsti ein sams konar hegðun af hálfu annars kennara og að það hefði átt sér stað í nokkur skipti.

■ Frásögn annarrar konu úr hópi þeirra átta sem greindu nefndinni frá því að hafa þurft að sæta kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra nemenda var áþekkt. Hún hefði verið þvinguð til að hafa munnmök og samfarir við aðra nemendur um árabli.

Smurþjónusta



Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna:	9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna:	9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a,
Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.
Skoðuðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Spennandi
nýjungar
á amerískum dögum



HAGKAUP
Ein.ferð betra verð

Fiskifræðingur furðar sig á orðum forstjóra Hafró í Færeyjum um veiðistjórnun:

Þorskurinn í góðri uppsveiflu

SJÁVARÚTVEGUR Jón Kristjánsson fiskifræðingur furðar sig á málflutningi Hjalta í Jakobsstovu, forstjóra færeysku hafrannsóknastofnunarinnar, á ráðstefnu um fiskveiðistjórnun sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gekkst fyrir í liðinni viku. Á ráðstefnunni, sem Jón kallar sjálfstærkingarráðstefnu kvótasinna, hélt Hjalti því fram að sóknarmarkskerfi þeirra Færeyinga hafi reynst illa og sérstaklega sæst það á bágu ástandi mikilvægra nytjastofna, ekki síst þorsks.

Jón hefur aflað gagna úr togararalli þeirra Færeyinga þar sem skýrt kemur fram í bráðabirgðaskýrslu að þorskstofninn sé þvert á móti í uppsveiflu og ungfiskur sé að ryðjast inn í stofninn. Nýliðun sé því afar góð, þvert á það sem Hjalti heldur fram.

„Hjalti hefur verið í andstöðu við sóknarmarkskerfið og kannski vegna þess að ekki hefur verið farið að ráðgjöf hans um mikinn niðurskurð,“ segir Jón. „Hafró í Færeyjum gefur alltaf ráðgjöf eins og þeir væru í

kvótakerfi en ekki í blönduðum botnfiskveiðum, eða veiðiráðgjöf fyrir hverja tegund fyrir sig. Þeir eru þirraðir vegna þess að þeim hefur ekki verið hlýtt og hrakfallaspár þeirra þar með afsannaðar. Lægðin í þorskinum var fyrirséð 2003 og var vegna hungurs en ekki ofveiði því það getur ekki farið saman. Einungis var tímaspursmál hvenær þorskurinn braggaðist og nú er hann á uppleið úr litlum hrygningarstofni, eins og áratuga reynsla er fyrir.“

-shá

100%
fjármagnsvernd –
örugg ávöxtun.

*Við þössum
– rétt eins
upp á peningana þína
og þeir væru okkar.*



Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að fjárfestingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.


Nánari upplýsingar um 100% örugga fjárfestingu er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.


SPARNADUR
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe

„ORÐRÉTT“

Heilbrigð skynsemi?

„Og þar sem ég er Heilbrigð skynsemi hlýtt ég líka að vera rödd skynseminnar.“

JAKOB ÞÓR HARALDSSON ER ÓSÁTTUR VIÐ AUGLÝSINGAR ICELAND EXPRESS. HANN HAFI SKRIFAÐ Á NETIÐ SEM „HEILBRIGÐ SKYNSEMI“ Í SEX TIL TÍU ÁR. Fréttablaðið 10. september

Heyrið þið það?

„Þá eiga menn alls ekki að vera mosavaxnir sem kjörnir fulltrúar.“

HALLDÓR HALLDÓRSSON HEFUR ÁKVEDIÐ AÐ SÖÐLA UM OG HÆTTA Í VOR SEM BÆJARSTJÓRI Á ÍSAFIRÐI. EFTIR TÓLF ÁR Í STARFI. Fréttablaðið 10. september

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? AUÐUNN ARNÓRSSON EVRÓPUFRÆÐINGUR

Kominn í þjónustu hennar hátignar

„Ég er búinn að vera rúma viku í þjónustu hennar hátignar,“ segir Auðunn Arnórsson stjórnmálafræðingur sem nú er farinn að starfa hjá breska sendiráðinu. „Sem íslenskum konungssinna þá líður mér bara vel með það.“

Auðunn var lengi vel hirðiðameistari í Hinu konunglega fjelagi sem starfaði um nokkurra ára skeið hér á landi. „Félagið er nú „úr okkar höndum“ og undir öðrum komið að halda starfseminni áfram. En um svona félagsskap gildir að sjálfsögðu hið sama og um konunga: „Konungurinn er dáinn – Lengi lifi konungurinn!“

Sjö Íslendingar starfa í breska sendiráðinu í Reykjavík og sinna þar ýmsum störfum. Auðunn er ráðinn til tveggja ára og fær þarna gott tækifæri til að fylgjast með Evrópumálunum. „Starfið hér felst í því að hjálpa breskum stjór-

völdum að fylgjast með undirbúningi Íslendinga fyrir væntanlegar viðræður um aðild að Evrópusambandinu, og með viðræðunum sjálfum þegar þar að kemur. Í raun og veru snýst þetta um það að auðvelda upplýsingaflæði milli stjórnvalda í Reykjavík og London. Að mínu mati veitir kannski ekkert af því.“

Fyrir skömmu sendi hann frá sér bókina Inni eða úti? þar sem sagt er frá því ferli sem fer í gang þegar ríki sækir um aðild að Evrópusambandinu, sem Ísland hefur nú gert.

„Hér verð ég í góðri aðstöðu til að fylgjast með þessu sögulega ferli sem fram undan er, bæði frá Evrópusambands- hliðinni og íslensku hliðinni,“ segir Auðunn. „Svo skaðar ekki þegar maður býr í 101 að vinna í 101.“



LAXALÚS

MÝTAN UM HALALEYSID

Sumir veiðimenn segjast geta séð hversu lengi lax hefur dvalið í ferskvatni. Þeir sjái það á því hvort hann er lúsugur og einnig á því hvernig lúsinn er á sig komin, það er hvort hún er með hala eða ekki. Laxalúsinn lifir í söltu vatni en ekki fersku. Finnist hún á laxi í veiðia gefur það til kynna að fiskurinn er nýggenginn upp í ána.

Því hefur verið haldið fram að þegar lýsnar hafa verið lengi í ferskvatni missi þær halann.

Því miður er þessu ekki þannig varið og illt að treysta á lúsahalakennninguna. Karlúsinn er halalaus rétt eins og kerlingin en aftan úr henni hanga tveir langir eggjastrengir.

SJÓNARHÓLL

MINNISVARÐI UM HELGA HÓSEASSON

Alveg sjálfsagt

„Mér finnst alveg sjálfsagt að reist verði minnismerki um Helga Hóseasson,“ segir Oddur „spekingur“ Helgason, framkvæmdastjóri ORG ættfræðipjónustu.

Púsundir hafa ritað nöfn sín á lista þar sem lagt er til að slíkt merki verði reist á horni Langholtsvegur og Holtavegar en þar stóð Helgi jafnan með skilti sín.

Oddur kveðst hafa kynnst Helga og hans fólki þegar hann reri frá Breiðdalsvík í gamla daga. „Ég kynntist honum prýðilega og kom nokkrum sinnum heim til hans. Helgi var sómamaður og fjölfróður mjög um landsins gagn og nauðsynjar,“ segir Oddur.

Verði minnismerkið reist telur Oddur mikilvægt að það verði látlaust



ODDUR HELGASON

og í stíl við Helga sjálfan. „Það var engin sýndarmenska í kringum Helga og því má engin sýndarmenska vera í kringum merkið.“



TÁKNRÆNT Hópurinn sem myndaði orðið LÍF með torfbökum á Ingólfstorgi mótmælir fyrirhuguðum framkvæmdum á torginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

15 ÁRA

SUBWAY

Gildir föstudaginn 11., laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09

Gönguferð, Hellisheiðarvirkjun að Nesjavallavirkjun

Laugardaginn 12. september verður farin gönguferð frá Hellisheiðarvirkjun til Nesjavallavirkjunar. Gangan tekur um sex klukkustundir og er frekar erfið. Nauðsynlegur búnaður: Góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. Orkuveita Reykjavíkur leggur til ferðir frá Reykjavík að Hellisheiðarvirkjun og til baka frá Nesjavallavirkjun og er mæting í hófuðstöðvar Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1, kl. 10:00. Áætlaður komutími til baka er kl. 18:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Hans Benjamínsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar.



• Þetta er síðasta gangan í sumar. Takk fyrir samveruna.

www.or.is

Vilja vernda Ingólfstorg

Lokafrestur til að skila inn athugasemdum vegna fyrirhugaðra breytinga á Ingólfstorgi og svæðinu í kring rennur út á miðnætti í kvöld. Torgið var tyrft í gær til að mótmæla áformunum.

„Flestir af núlifandi kynslóðum eiga minningar sem tengjast þessu svæði. Við vildum vekja athygli á að frestur til að skila inn athugasemdum við deiliskipulagið rennur út á miðnætti á föstudag [í dag], og þess vegna stóðum við fyrir þessari uppkomu,“ segir Halla Bogadóttir, framkvæmdastjóri verslunarinnar Kraums sem er til húsa að Aðalstræti 10. Halla er meðlimur áhugahóps sem mótmælir þeim áformum að reisa fimm hæða hótél við Vallarstræti, flytja tvö hús yfir strætið og inn á Ingólfstorg og rífa Nasa, gamla Sjálfstæðisshúsið. Af því tilefni var orðið LÍF myndað með torfbökum á torginu í gær.

Halla segir tyrffinguna hafa verið táknræna. „Við viljum að torgið fái að lifa. Margir eru á þeirri skoðun að það þurfi að bæta torgið á einhvern hátt, og við erum sammála því. En torgið verður ekki bætt með því að minnka það og gera það að skuggatorgi. Við viljum fegra en ekki minnka,“ segir Halla.

Áhugahópurinn varð til í sumar þegar nokkrir meðlimir áttuðu sig á því að frestur til að skila inn athugasemdum við skipulagið rynni út hinn 12. ágúst. „Þetta hafði farið framhjá flestum landsmönnum. Líklega hafa margir talið að þessi áform myndu deyjá með hruninu og öllu sem því fylgir. En við réðumst strax í það að fá



FORNLEIFARANNSÓKNIR ÓHJÁKVÆMILEGAR

„Þetta er stórmærilegt svæði, og þang- að má rekja upphaf Reykjavíkur. Til að mynda er svæðið þar sem Aðalstræti og Austurstræti mættust fyrstu gatnamót á Íslandi,“ segir Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafríðunarnefndar, um svæðið sem Ingólfstorg stendur á. Nikulás segir ljóst að leifar elstu byggðar í borginni séu á svæðinu. „Ef það verður farið í að grafa þarna er klárt að það þarf að fara fram fornleifa- uppgroftur og -rannsóknir fyrst. Þarna er væntanlega mikið af húsum frá

landnámi, og því óhjákvæmilegt að það þurfi að rannsaka gaumgæfilega áður en farið verður með stórvinnuvelur á svæðið,“ segir Nikulás.

Hann er á þeirri skoðun að Ingólfstorgið nýtist fremur illa. „Ef skoðuð eru torg í borgum í gegnum tíðina, þá er regla númer eitt að húsin umhverfis torgið, og starfsemin í þeim, verði að geta nýtt sér torgin. Það má ekki vera gata milli húsa og torgs, en það er bílaumferð allt í kringum Ingólfstorg,“ segir Nikulás Úlfar Másson.



NIKULÁS ÚLFAR MÁSSON

frestinn framlengdan til að fólki gæfist færi á að kynna sér áformin til hlífar. Meðal annars fengum við arkitektastofuna Gláma/Kím til að leggja mat á áformin, og fékk tillagan algjöra fallelkunn þar.“ Halla segist nokkuð vongóð um árangur í kjölfar mótmælanna.

„Við viljum trúá því að borgarfulltrúarnir sem við kustum hlusti á okkur. Ef þetta verður að veruleika mun ég flytja verslununa mína annað, og ég veit að fjölmargir hér í grenndinni eru sama sinnis,“ segir Halla Bogadóttir. kjartan@frettabladid.is

15 ára verðlisti

aðeins í 3 daga!

föstudaginn 11.,

laugardaginn 12.

og sunnudaginn 13. september 2009

15 ÁRA

SUBWAY

1994 - 2009

**Í tilefni af 15 ára
afmæli Subway á Íslandi
bjóðum við alla báta,
gos og meðlæti
á 15 ára gömlu verði!**

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag.

18

Subway staðir
um allt land

SUBWAY

Komdu við á einhverjum af 18 Subway veitingastöðum sem þú finnur um allt land.

Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi • Hamraborg Kópav.
Dalbraut 1 Akranesi • Kaupvangsstræti Akureyri • Miðvangi Egilsstöðum • Eyrarvegi 2 Selfossi • Hafnargötu Keflavík
• Fitjum Njarðvík • N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurb. Hfj. • N1 Mosfellsbæ

Opið allan sólarhringinn á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut



Hversu langt
stækur hann?



CHEERIOS STÖKKIÐ, laugardaginn 12. september fyrir utan Hagkaup Skeifunni

Í tilefni amerískra daga í verslunum Hagkaups mun Victor Guðbergsson Íslandsmeistari í Motorkrossi árið 2009 stökkva yfir fjöldann allan af Cheeriosbretum fyrir framan Hagkaup í Skeifunni laugardaginn 12. september kl. 14:00 og kl.16:00

Verið velkomin að fylgjast með háloftaleikfimi eins fremsta motorkrossmanns landsins.



Skornir ávextir hollir og góðir



epli með karamellu og kókos



melónublanda



cantaloupe



gular melónur



eplabátar



Nýtt
á USA dögum

Lifesaver's
- mintur og hlaup



Nýtt
á USA dögum

Epla og kanil Cheerios
- þetta verður þú að prófa



Nýtt
á USA dögum

Orville örbylgupopp
- nýjar tegundir



Nýtt
á USA dögum

McCain franskar
- sætar, kryddaðar og líka low fat



Nýtt
á USA dögum

Eggo vöflur
- tilbúnar beint í brauðristina



Oreo kex
- alltaf jafn gott!



Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

Amerískir dagar

stútfullt af spennandi USA vörum!

100%
FULLMEYRNAD
GÆDAKJÖT
TILBÚÐ BENT Á PÖNNUNA,
OPNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEINGAR

Ekta nautasteikur á amerískum dögum!



2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Ribeye
úr framhrygg



2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Nautaprime
úr framhrygg



2.274 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-

Entrecote
úr spjaldhrygg



2.144 kr/kg.
Merkt verð 3.298.-

Roaststeik úr entrecote
úr spjaldhrygg



Gosdrykkir

Rótarbjór, Cream Soda, Diet Rótarbjór, Kirsuberja Pepsi, Mountain Dew Code Red, Sunkist, Vanilla Coke og Kirsuberja Coke



Nýtt
á USA dögum



T.G.I. FRIDAY'S
– heimsfrægir smáréttir



Cheez doodles
– ostasnakk



Sara Lee kökur
– verður að prófa þessar...



Monkey Bread
– hitað í örbylgjuofni - algjört lostæti!



Kix morgunkorn
– fyrir börnin



Fersk steikar langloka
– með roastbeef, sveppum og piparrótarsósu

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Atlantshafsbandalagið:

Heillaráð ungliðanna

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Í vikunni sendi aðalfundur Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík frá sér athyglisverða ályktun. Þar er hvatt til þess að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Tillaga ungliðanna er rökrétt og sanngjörn. Hún mun þó væntanlega ekki falla stuðningsmönnum Nató-aðildar í geð. Kosning af þessu tagi myndi óhjákvæmilega koma af stað umræðu um eðli og tilgang Nató í samtímanum, þar sem hætt er við að bandalagið stæði höllum fæti.

Í tæpan áratug hefur Atlantshafsbandalagið reynt að leysa úr tilvistarkreppu sinni með hernaði í einu snauðasta landi heims, Afganistan. Stríð þetta átti í upphafi að vera skjót og glæst sigurför Bandaríkjahers, í hefndarskyni fyrir hryðjuverkaárásirnar á þessum degi fyrir átta árum. Innrásarherinn lét sig dreyma um að vera fagnað sem hetjum af heimamönnum og að verkefninu lyki á fáeinum mánuðum. Nú tala hernaðarfræðingar Nató-ríkja hins vegar um það í fullri alvöru að hersetan kunni að vara næstu áratuginna.

Síðferðislegt gjaldþrot Nató-hernaðarins í Afganistan er staðfest með reglulegum fregnum af fjöldamorðum á almennum borgurum.

Eitt af því sem einkennt hefur stríðið í Afganistan frá upphafi er hinar síbreytilegu réttlætningar þess. Í fyrstu var eina markmiðið sagt vera að hafa hendur í hári nokkurra yfirlýstra stuðningsmanna hryðjuverka. Þegar þau áform runnu út í sandinn var gripið til annarra röksemda: að ætlunin væri að uppræta eiturlýfjaframleiðslu, bæta úr bágrri stöðu kvenna og koma á lýðræði. Þessar réttlætningar hafa koðnað niður ein af annarri. Óþímframleiðslan er nú meiri en nokkru sinni fyrr, mannréttindabrot á konum eru landlæg og fæstir nefna hugtakið lýðræði í sömu andrá og stjórn Karzais í Kabúl. Hringekjan er nú fullkomnuð þar sem ráðamenn í Bandaríkjunum og Bretlandi eru á nýjan leik farnir að réttlæta hernaði með hryðjuverkaógninni.

Síðferðislegt gjaldþrot Nató-hernaðarins í Afganistan er staðfest með reglulegum fregnum af fjöldamorðum á almennum borgurum. Dráp þessi skýrast af þeirri hernaðartækni Nató-herja að beita lofthernaði úr mikilli hæð, jafnvel með mannlausum sprengjuvélum, til að lágmarka líkurnar á eigin mannfalli. Margoft hefur verið á það bent að hernaður sem gerir ekki greinarmun á hernaðarlegum og almennum skotmörkum sé brot á Genfarsáttmálanum.

Mikið var úr því gert þegar íslenskir ráðamenn settu landið á lista vígfúsra þjóða í aðdraganda Íraksstríðsins. Minna var látið með þá staðreynd að Ísland hafði þá þegar gerst formlegur stríðsaðili með aðildinni að Nató. Fyrst á Balkanskaga og síðar í Afganistan. Eins og ungt Samfylkingarfólk hefur nú bent á fékk íslenska þjóðin aldrei færi á að tjá hug sinn til aðildar okkar að árásarbandalaginu. Úr því er tilvalið að bæta nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Spennandi nýjungar á amerískum dögum

HAGKAUP
Ein. ferð. betra verð.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gefst ekki upp

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, lætur ekki deigan síga þótt sérstakur saksóknari hafi vísað frá kröfu hans um að sex blaðamenn verði dæmdir fyrir að fjalla um málefni bankanna. Í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag biðlaði Gunnar til Alþingis um að breyta lögum um fjármála-fyrirtæki á þann veg að blaðamenn teljist sannanlega



brotlegir ef þeir skrifa um eitthvað sem bankarnir og Gunnar vilja að sé leyndó. Sjálfur stendur Gunnar þó ekki klárari á lögum en svo að í

tveimur málum af fimm var kærufrestur hans löngu liðinn.

Frasasúpa

Höfundur fréttatilkynningar heilbrigðisráðuneytisins um sérverkefni Huldu Gunnlaugsdóttur fyrir ráðuneytið setti nýtt Íslandsmet í frasanotkun. Dæmi: Tímabundin verkefnissjórn – aðgerðaáætlun – markviss verkaskipting – tímasett verkáætlun – markvissari rekstur – aukin samvinna og skýrari verkaskipting – rík áhersla á viðtækt samráð. Höfundinum tókst um leið að sneiða hjá því að segja hvað Hulda á í raun og veru að gera.

Orð og gjörðir

Einar K. Guðfinnsson er flottur. Hann skrifar á vefsíðu sína: „Stundum hitta einstök orð eða setningar svo rækilega í mark að þau fylgja mönnum út ævina og kannski lengur.“ Í framhaldinu rifjar hann upp orð Jóhönnu Sigurðardóttur: „Við ætlum að slá skjaldborg um heimilin“, og segir þau mas án innstæðu.



Það má vel vera. En stundum fylgja gjörðir mönnum út ævina og sjálfsagt að benda Einari á að hans verður helst minnst fyrir tvennt: Ólöglegar lundaveiðar og fyrir að heimila hvalveiðar korteri áður en hann lét af embætti sjávarútvegsráðherra. bjorn@frettabladid.is

Góð afkoma Landsvirkjunar

Rætt hefur verið í fjölmiðlum um áhyggjur nokkurra borgarfulltrúa minnihlutans í Reykjavík vegna ábyrgðar borgarinnar á hluta af skuldum Landsvirkjunar. Mun minna hefur hins vegar farið fyrir þeirri frétt að Landsvirkjun skilaði u.þ.b. 6 milljörðum króna í hagnað á fyrri helmingi ársins og útlit er fyrir að árangurinn verði enn betri á seinni hlutanum ef álverð lækkar ekki.



FRÍÐRIK SOPHÚSSON
Í DAG | Landsvirkjun

ábyrgðargjald til borgarinnar og nemur það samtals 523 milljónum króna frá því að salan átti sér stað.

Góð lausafjárstaða

Í hálfársuppgjöri Landsvirkjunar kemur fram að fyrirtækið hefur aðgang að lausafé, sem nægir til að greiða afborganir og vexti af lánum næstu tvö árin. Það er betri staða en hjá flestum skuldsettum fyrirtækjum. Einnig hefur komið fram að ekki verði efnt til nýrra framkvæmda nema fjármagn til þeirra sé tryggt. Áhætta Reykjavíkurborgar af ábyrgðinni er því nánast engin, en tekjurnar af ábyrgðargjaldinu öruggar.

Eðli máls samkvæmt er Landsvirkjun í áhættusömum samkeppnisrekstri.

Fyrirtækið skuldar verulega fjármuni vegna mikilla framkvæmda undanfarin ár en eigendurnir hafa ekki lagt fyrirtækinu til nýtt eigið fé áratugum saman. Rekstur félagsins hefur hins vegar gengið vel á undangengnum árum að flestleppu síðasta ári, sem var flestóllum fyrirtækjum erfið. Eiginfjárlutfallið er um 30%, eða um 1,4 milljarðar af rúmlega 4,5 milljarða Bandaríkjadala heildareign.

Þetta hlutfall þyrfti að vera hærra til að standast samanburð við erlend fyrirtæki í sambærilegum rekstri.

Afkoma og áhættuvarni

Þar sem afkoma Landsvirkjunar markast að verulegu leyti af heimsmarkaðsverði á áli hefur fyrirtækið varið sig fyrir slíkum verðbreytingum. Þetta þýðir á mæltu máli að Landsvirkjun fær ekki til sín allar tekjurnar þegar verði er hátt, en í staðinn þarf fyrirtækið ekki að sætta sig við lægsta verð. Það er fyrst og fremst slík áhættuvarni, sem skilar Landsvirkjun hagnaði á yfirstandandi ári þrátt fyrir lágt álverð, en einnig hjálpar til að vextir hafa verið lágir á alþjóðamörkuðum.

Arðsemi eiginfjár fyrirtækisins er svipuð og þeirra íslensku fyrirtækja sem oft er vitnað til og talin eru standa sig vel. Arðsemi er einnig svipuð og hjá erlendum fyrirtækjum í sömu grein. Á árunum 2002-2008 var meðalrðsemi 8,8% og er þá meðtalið hið mikla tap, sem varð á síðasta ári.

Ríkisstjórn í lykilhlutverki

Við endurreisn íslensks atvinnu- og efnahagslífs hefur sérstaklega verið litið til orkuvirkjækjanna og orkufreks iðnaðar eins og glögglega má sjá í stöðugleikisáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Það er þó engan veginn sjálfgefið að orkuvirkjækjinn fái þá fyrirgreiðslu, sem nauðsynleg er til að fara í ný verkefni. Til þess þarf erlend lán og samstarf við erlenda og innlenda fjárfesta. Þess vegna er mikilvægt að senda skýr skilað til markaðarins um að fullur skilningur og vilji sé til að efna til slíks samstarfs. Þar gegnir ríkisstjórnin lykilhlutverki.

Höfundur er forstjóri Landsvirkjunar.

Norrænt velferðarsamfélag á Íslandi

UMRÆÐAN

Guðmundur Magnússon skrifar um kreppu og kjaraskerðingu



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Fyrir tæpu ári kom í ljós að almenn-ingur yrði að borga hrúnið að stórum hluta og hvað var þá eðlilegra en að senda öryrkjum og ellilífeyrisþegum fyrsta reikninginn? Um áramótin var því lífeyrir flestra lífeyrisþega skertur um 10% og þeir lögstu festir í 153.000 eða 180.000 kr. á mánuði sem búa einir. Fólk kemst ekki upp fyrir lágmarkið nema í undantekningar-tilfellum. Jafnvel sérstakur bótaflokkur vegna verulegs lyfjakostnaðar breytir litlu sem engu.

Þann 1. júlí síðastliðinn var skellt á skerðingum á greiðslum almannatrygginga með viku fyrirvara. En ekki bara á lífeyrisþega – hinir tekjumeiri skyldu líka borga, þannig að þeir sem væru með yfir 700 þús. kr. á mánuði borguðu 8% hátekjuskatt, sem þýðir að einstaklingur með milljón á mánuði greiðir 24 þúsund í hátekjuskatt. Af hverju ekki að miða við 500 þúsund krónur, sem hefði skilað um 3,8 milljörðum í ríkissjóð (samkvæmt fjármálaráðuneytinu), eða svipaðri upphæð og skerðingarnar í almannatryggingakerfinu? Rökin;

„... myndi leggjast ansi þungt á fjölskyldur með rúmlega meðaltekjur þar sem bara eða aðallega væri ein fyrirvinna.“ Raunveruleikinn; oftar en ekki er ein fyrirvinna hjá öryrkjum og jafnvel báðir sambúðaraðilar lífeyrisþegar. Auk þess eiga öryrkjar einnig börn! Eru það ekki fjölskyldur?

Skerðingarnar í almannatryggingakerfinu voru þannig að maður með góðan lífeyrissjóð og heildarlaun um 310 þúsund krónur á mánuði skertist um sömu krónutölu og milljón-krónu maðurinn, eða 24 þúsund krónur!

En forsætisráðherra sagði: „...ekki verður hreyft við launum undir 400 þúsund krónum á mánuði.“

Þegar Öryrkjabandalag Íslands leitaði svara, hvers vegna væri ráðist á almannatryggingakerfið, var svarið: „Það er svo auðvelt.“ Með einu pennastriki er hægt að skerða lífeyri fólks, án fyrirvara. Öryrkjabandalag Íslands frefst þess að þetta verði leiðrétt strax, þar sem reynslan kennir að erfiðt reynist að endurheimta áunnin réttindi eftir áratuga baráttu ef þau eru afnumin.

Höfundur er varaformaður Öryrkjabandalags Íslands.

laggersala á flísunum í Skútuvogi!

ÓTRÚLEGT VERÐ!



TILBOÐ!
FLÍSALÍM
KERABOND

25%
AFSLÁTTUR
Af FÚGU,
FÚGUKÍTTI OG
FÚGUKROSSUM

**GÓLFFLÍSAM, MÓSAÍKFLÍSAM, VEGGFLÍSAM
FROSTPOLNAR FLÍSAM, OG SKRAUTFLÍSAM**

**Í GARÐSKÁLA
BLÓMAVALS Í SKÚTUVOGI
OPIÐ KL: 11:00 - 18:00**

Kaffi Garður
Skútuvogi

pylsa og kók
fös. - sun.

99kr



Við berjum niður

verðið!




HÚSAMÍÐJAN
...ekkert mál

AGNAR ÞÓRDARSON FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1917.

„Auðmenn verða aldrei svo
ríkir að þeir óttist ekki um
auðæfi sín.“

Agnar, sem var rithöfundur,
skrifaði skáldsögur, leikrit,
smásögur, ferðabók og
endurminningabækur. Verk
eftir hann voru flutt í leikhúsum,
sjónvarpi og útvarpi auk
þess að vera þýdd á ensku og
pólsku.



PETTA GERÐIST 11. SEPTEMBER ÁRIÐ 2003

Hin sænska Anna Lindh lætur lífið

Pennan dag árið 2003 lést Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi af völdum innvortis blæðinga sem hún hlaut eftir að ráðist var á hana með hnífi í verslun í miðborg Stokkhólms daginn áður.

Árásarmanninum tókst að sleppa en hægt var að bera kennsl á hann með hjálp öryggismyndavéla úr verslunarmiðstöðinni og annarra sönnunargagna. Lögreglan rakti sig fram til hins serbneskættaða Mijailo Mijailovic sem játaði sök hinn 6. janúar árið 2004.

Lindh var í einkaerindum í verslunarmiðstöðinni þegar árásin var gerð og ekki í fylgd öryggisvarða. Morðið minnir um margt á morðið á Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, sem var skotinn til bana á götuhorni í miðborg Stokkhólms þar sem hann var að koma úr kvikmyndahúsi.

Anna Lindh varð 46 ára gömul.



ANNA LINDH

MERKISATBURÐIR

- 1755 Mikill jarðskjálfti verður á Norðurlandi með skriðuföllum og sprungumyndunum. Hús féllu á Húsvík og Tjörnesi og tveir bátar fórust í flóðbylgju vegna skjálftans.
- 1953 Fjórða ríkisstjórn Ólafs Thors tekur við völdum og sat hún í þrjú ár.
- 1976 Fjölbrotaskóli Suðurnesja er settur í fyrsta skipti.
- 2001 Tveimur farþegaþotum er flogið á Tvíburaturnana í New York og einni á Pentagon í Virginíu. Turnarnir hrundu báðir og hluti af Pentagon brann. Bandarísk stjórnvöld hafa haldið því fram að íslamskir hryðjuverkamenn hafi verið að verki.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Innilegar þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Póreyjar Ernú
Sigvaldadóttir**

Reiðvaði 1.

Ægir Jónsson

Sigvaldi Ægisson

Elisabet Reinhardsdóttir

Jón Ægisson

Svanborg Þ. Einarsdóttir

Hrönn Ægisdóttir

Guðmann Reynir Hilmarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Bogadóttir

Hveraöld 19, Reykjavík,

lést á Landspítalnum við Hringbraut þriðjudaginn 8. september. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.00.

Stefán Stefánsson

Elín Pálsdóttir

Vigfús Þór Árnason

Karólína Sigfríð Stefánsdóttir

Þórður Björgvinsson

Stefán Bogi Stefánsson

ömmu- og langömmubörn.



Jón Pétur og Kara kepptu í dansi til ársins 1997.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Alúðarþakkar fyrir sýnda samúð og vinarþug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður, tengdamóður og systur,

Mörtu Jónsdóttir,

Möðruvallastræti 4, Akureyri.

Sérstakar þakkar til Heimilisþjónustu Akureyrarbæjar, starfsfólks á Hjúkrunarheiminu Seli og starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Kristín Huld Harðardóttir

Egill Eðvarðsson

Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir

Jón Guðlaugsson

Hjörleifur Einarsson

Unnur Jónsdóttir



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

Þorkell Árnason

lést á Borgarspítalanum þann 8. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir

Már Rögnvaldsson

Guðjón Andrésson

Gíslína Gunnarsdóttir

og ættingjar



Elskuleg móðir okkar,

Vilborg Stefánsdóttir

frá Litla Hvammi, Mýrdal, til heimilis að

Kleppsvegi 6, Reykjavík,

er látin. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,

Sólrun Jónsdóttir

Steinunn Helga Lárusdóttir



Elskuleg kona mín,

Sigrún Höskuldsdóttir

Ljós móðir, Langagerði 124, Reykjavík,

andadist þriðjudaginn 1. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd vandamanna,

Garðar Bergendal



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengafaðir, afi og langafi,

Ólafur Jóhannesson

múrari

Greniteig 10, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 5. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 16. september kl. 14.00.

Eva Pálmadóttir

Þórlína J. Ólafsdóttir

Vilhjálmur Eyjólfsson

Jóhannes Ólafsson

Rósa Guðmundsdóttir

Pálmi Ólafsson

Jóhanna Karlsdóttir

Ólafur Ólafsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Helga Sigríður

Eysteinsdóttir

Hrauni í Ölfusi,

lést þann 9. september síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Þórdís Ólafsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Guðrún Ólafsdóttir

Helgi Ólafsson

Hjördis Ólafsdóttir

Marc Origer

Ásdís Ólafsdóttir

Sverrir Matthíasson

Þórhildur Ólafsdóttir

Hannes Sigurðsson

Herdís Ólafsdóttir

Þórhallur B. Jóseppson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

DANSSKÓLI JÓNS PÉTURS OG KÖRU:
ER TUTTUGU ÁRA

Systkinabragur á samstarfinu

Dansskóli Jóns Péturs og Köru fagnar tuttugu ára afmæli um þessar mundir. Skólinn var stofnaður af þeim Jóni Pétri Úlfjótssyni og Köru Arngrímsdóttur hinn 28. ágúst árið 1989 en þau höfðu þá verið dansfélagar um nokkurra ára skeið. „Ætli við höfum ekki verið nokkuð stórhuga enda ekkert sérstaklega gömul þegar við fórum af stað,“ segir Jón Pétur en hann og Kara voru keppnisdansarar samhliða rekstri skólans allt til ársins 1997.

En hvernig skyldi samstarfið hafa gengið? „Það er nú svo lítil systkinabragur á þessu hjá okkur. Við erum mjög ólík og ekki alltaf samála en það er kannski ástæðan fyrir því að þetta gengur,“ segir Jón Pétur en hann og Kara reka skólann ásamt eiginmanni Köru, Stefáni Guðleifssyni. Nemendur skólans eru á öllum aldri og felst starfsemin aðallega í því að kenna barnadansa, samkvæmisdansa, salsa, freestyle, hiphop og break auk þess sem þjálfun keppnisdansara skipar stóran sess.

Jón Pétur segir alltaf sveiflur í dansinum en að hin síðustu ár hafi hann notið mikilla vinsælda hjá öllum aldursþópum. Hann segir kynjahlutföllin svipuð í yngstu flokkunum en að þau fari oft að bjagast í kringum unglingsár og að þá séu stelpurnar í meirihluta. Í fullorðinstímumunum jafnast hlutfall kynjanna síðan aftur enda eru þeir aðallega sóttir af þópum.

Jón Pétur segir aldursamsetninguna í skólanum hafa breyst mikið á síðustu tuttugu árum og er hún mun jafnari en í fyrstu. „Þá vorum við aðallega með börn og ungmenni og síðan fólk á aldrinum 45 og upp úr en nú er eldri hópurinn skipaður fólki á öllum aldri og gaman að sjá hversu mikið af þópum skellir sér í dans.“ Jón Pétur segir skemmtanagildið ráða mestu í eldri hópunum. „Þá lít ég svo á að með dansið sé fólk að styrkja grunnstoðir fjölskyldunnar en ég held að það sé sérstaklega mikilvægt nú á tímum að þó finni sér sameiginleg áhugamál. Það kemur líka flestum á óvart hversu mikil hreyfing og brennsla felst í því að dansa.“

Jón Pétur segir fyrstu skrefin inn í dansskóla oft erfiðari fyrir karlmenn en konur. „Ég hef þó sagt við félagi mína að vilji þeir komast í golf eða veiði verði þeir að leggja eitt-hvað inn á móti. Kaupi þeir gjafabréf handa konunni í samkvæmisdöns geta þeir verið vissir um að þeir verði hvattir í veiðina. Þegar þeir eru síðan komnir á bragðið vilja þeir helst ekki missa af tíma.“

Dansskólinn var í Bolholti 8 til ársins 2005 og eftir það í Borgartúni 6. Framvegis verður hann með aðsetur í Valsheimilinu að Hlíðarenda. „Einn félagi minn sem er í dansi hjá okkur er harður KR-ingur og ætlar að mæta með KR-húfuna á fyrstu æfingarnar og er það bara hið besta mál,“ segir Jón Pétur og hlær.

Í tilefni afmælisins verður boðið til veislu í Valsheimilinu á sunnudag milli 15 og 17. Þar verður leitast við að bregða upp myndum frá liðinni tíð með tilheyrandi búningum og dansi. En ætlið þið Kara ekki að taka sveiflu? „Við erum satt að segja ekki búin að æfa eitt einasta spor en ef við verðum rekin út á gólf þá spinnum við bara eitthvað á staðnum.“

vera@frettabladid.is



HÓTEL BJARKALUNDUR verður opið eins lengi fram á haustið og Þorskaftarheiðin. Lokað verður í vetur nema um helgar. Reynt verður að opna aftur að fullu um páska, að því er fram kemur á fréttavefnum www.bb.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



*Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!*

4ra rétta tilboð

— og nýr A la Carte —

- Reykt önd með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa
- Humarsúpa rjómalöguð með grilluðum humarhölum
- Lambahryggur með lambaskanka og rósarínsósu

• EDA •

· Fiskur dagsins útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

- Skeyr "Tonka crème brûlée" með karamelluís

6.990 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Glas af eðalvíni

Barolo „Ornato“ 2004 | Ítalía.

Chablis Grand Cru „Les Clos“ 2005 | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af 16 eðalvínnum með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

[Sjá nánar á perlan.is.](http://www.perlan.is)



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Elínros Líndal segir kókuna í miklu eftirlæti hjá þeim fimm karlmönnum sem búa með henni. Sá yngsti þeirra, Nói Steinþórsson, hefur gert þó nokkrar tilraunir til að klífra upp á eldhúsbörð.

MYND/ÚREINKASAFNI

Eftirréttur ballerínunnar

Elínros Líndal æfði ballett í mörg ár og ætlar að reyna að koma klassískum ballett fyrir í þéttri dagskrá vetrarins. Þangað til er heiðri Önnu Pavlovu haldið uppi í eldhúsinu hennar.

„Það gefst sjaldan tækifæri til að ræða klassískan ballett á heimili þar sem fimm strákar búa sem hafa lítinn áhuga á öðru en fótbolta. En þegar ég ber fram pavlovuna fæ ég óskerta athygli um stund og gott ef eitthvað af ballettsögnum mínum ná ekki eyrum heimilisfólks rétt á meðan kakan er borin fram.“

Elínros segir að talið sé að pavlovuna megi rekja til rússnesku ballerínunnar Önnu Pavlovu, en kakan hafi verið búin til henni til heiðurs. Sumir segja uppskriftina upphaflega nýsjálenska og aðrir ástralska.

„Pavlova er einstaklega létt og góð kaka, stökk að utan og mjúk í miðjunni, með rjóma og berjum. Haustið er kjörtími kóunnar enda mikið til af nýttum íslenskum berjum á þessum tíma,“ segir Elínros og bendir á að börnin hafi tínt krækiberin á kókuna nokkrum

PAVLOVA

6 eggjahvítur
300 g sykurl
4 tsk. maizena-mjöl
1 tsk. hvítvinsedik
1 tsk. vanilludropar
1 peli rjómi
ber eftir smekki

Stíffþeytið eggjahvítur og bætið sykri hægt út í. Blandið Maizena-mjölinu, edikinu og vanilludropum saman í skál og hellið saman við eggjasykurlönduna. Teiknið hring á smjörpappír og smyrjið blöndunni á. Bakið í 60 mínútur við 150 gráður. Þeytið rjómann og setjið ofan á og skreytið með berjum.



dögum áður hjá ömmu sinni í Mosfellsbænum. „Ég held að þetta sé einmitt sá tími sem mikilvægt er að kenna börnunum að hægt er að

búa til hina bestu rétti úr afurðum sem finnast rétt utan við bæinn og kosta jafnvel ekki neitt.“

juliam@frettabladid.is

Sushi veislubakkar með grillinu í sumar

Sushi hentar sérstaklega vel með grillmat í garðveislunum í sumar

Skandið veislutilboð á nings.is

Pantanir á stærri Sushi bökkum þurfa að berast með dags fyrirvara.

NINGS

www.nings.is

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899



NÝ SENDING

Haustrakkur

Stærðir 12-22

~~Áður 19.900~~
Nú 12.900



Sverðin tala í Borgarnesi

Vetrarstarf Landnámsseturs er að hefjast. Á laugardaginn láta vígbúnir víkingar vopnin tala, bandarískur sérfræðingur ræðir um vopnaburð og Einar Kárason verður með óábyrgar hugleiðingar.

Víkingar úr Rimmugýg, gráir fyrir járnnum, sýna bardagalist á flötinni fyrir sunnan Landnámssetrið í Borgarnesi á laugardaginn klukkan 15 og 19. Klukkan 16 heldur bandaríski fræðimaðurinn William Short fyrirlestur um vopnaburð víkinga en hann hefur skrifað bók um sama efni. Markar þessi uppkoma upphaf vetrarstarfs Landnámssetursins sem verður bæði fjölbreytt og áhugavert.

Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámsseturs, er innt eftir því hvað beri hæst í dagskrá vetrarins. „Hápunktarnir verða mjög margir og erfitt að velja á milli,“ segir Sigríður en nefnir þó eftirfarandi: „Við fáum nýjan leikara í Mr. Skallagrímsson en það er hann Hilmir Snær sem tekur við af Benedikt Erlingssyni. Það er mjög skemmtilegt enda eru þeir æskuvinir, en samt svo ólíkir. Þetta verður allt öðruvísi sýning og þeir eru að vinna að því núna að breyta aðeins handritinu,“ segir hún. „Svo verður Brák áfram á dagskrá og 24. september verður sérstök styrktarsýning fyrir endurhæfingardeildina Grensás.“ Sigríður nefnir einnig Bítlatónleikana sem verða öðru hvoru í vetur. „Þá erum við einnig að byrja með nýtt verk um Eyrbyggju. Haukur Sigurðsson segir söguna á magnaðan hátt,“ segir Sigríður áhugasöm en einnig verður fjöldi tónleika í boði auk Gestaleiks úr Grindavík og margt fleira.

Einar Kárason rithöfundur heldur áfram að segja Sturlungasögu í vetur. Hann tekur einnig þátt í dagskrá laugardagsins þar sem hann verður með lið sem hann kallar „óábyrga hugleiðingu“ um vopn og vopnaburð á Sturlungaöld.

„Það er margt sem bendir til þess að þegar komið var fram á Sturlungaöld og barist var sem mest á Íslandi, hafi framboð á vopnum verið minna en það hefði þurft að vera til að manna alla þessa heri,“ segir Einar. Hann telur sums staðar einkennilegar heimildir um að menn hafi farið í bardaga upp á líf og dauða með hálfónýt vopn. „Til dæmis í helstu



Einar Kárason rithöfundur verður með óábyrga hugleiðingu um vopnaburð á Sturlungaöld um miðjan dag og flytur svo verk sitt um Sturlungu klukkan 20 að kvöldi laugardags.

orrustu Íslandssögunnar var annar helsti foringinn með spjót sem var svo gamalt og deigt að hann varð alltaf að bregða því undir fótinn á sér til að rétta það. Hinn helsti foringinn var með oddlaust spjót,“ segir hann og bætir við að oft hafi því menn notað vopn á borð við grjót sem þeir rifu upp úr jörðinni. Og Einar er með kenningu: „Ég held að bestu grjótkastararnir hafi verið eins og handboltakapparnir í dag, þeir hafi verið hittnir og skoðaðir.“ Hann telur því líklegt að sögu handboltans á Íslandi megi rekja allt aftur á Sturlungaöld. „En þetta eru þó óábyrgar hugleiðingar og engin fræði,“ segir hann glettinn en búast má við mörgum fleiri slíkum hugleiðingum á fyrirlestri Einars á laugardagskvöldið. solveig@rettbladdid.is

Viltu tala meiri íslensku?

Viltu kynnast nýju fólki?

Czy chciałbys mowic wiecej po islandzku?

Chcesz poznac nowych ludzi?

Do you want to speak more Icelandic?

Do you want to get to know new people?

Sjálfbóðaliðar **Kópavogsdeildar Rauða krossins** hitta fólk sem vill æfa sig í íslensku eða tala saman á öðru tungumáli. Hægt er að gera eitthvað skemmtilegt saman eins og að fara á kaffihús og í gönguferðir. Sama fólk hittist einu sinni í viku eða eftir samkomulagi.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is.

Ef þú vilt gerast sjálfbóðaliði hafðu einnig samband.

Wolontariusze **Czerwonego Krzyza w Kópavogur** spotykaja ludzi, ktorzy pragna pocwiczyz mowe w jezyku islandzkim badz chca porozmawiac w innym jezyku. Jest wiele mozliwosci, jak pojscie do kawiarni badz spacer. Grupy spotykaja sie raz w tygodniu lub po wczesniejszym umowieniu sie.

Jesli jestes zainteresowany, mozesz zadzwonic na nr.554 6626 badz wyslac e-mail na kopavogur@redcross.is.

Czy chciałbys zostac wolontariuszem? Jesli chcesz zoztac wolontariuszem i spotykac ludzi, ktorym potrzebne jest towarzystwo, nie wahaj sie z nami skontaktowac.

You can meet a volunteer of the **Red Cross from the Kópavogur branch** and speak Icelandic or another language together. You can do something fun together like go to a café, for a walk etc. The same people meet once a week or make their own agreement.

If you are interested contact us by calling 554 6626 or write to kopavogur@redcross.is.

Please contact us also if you are interested in being a volunteer.

 **Rauði kross Íslands**
Kópavogsdeild

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 11. september 2009

KANNAR MYRKAR HLIÐAR MANNSINS

Bjartmar Þórðarson bregður sér ekki í færri en þrettán hlutverk í einleikum Skepnunni. Í leikhúsinu sýnir hann á sér nýjar, óvæntar og ekki síst óhugnanlegar hliðar.

* INNBLÁSIN AF FRÆNKU

Hilda Gunnarsdóttir
hannar undir merkinu
Milla Snorrason

* MINNIR Á BETTY BOOP

Skyggst inn í fataskáp
Bergþóru Snæbjörnsdóttur
háskólanema

* ARI MAGG Í RÚSSLANDI

Íslensk menning og
hönnun til sýnis í Sankti
Pétursborg



FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Extensa 5230E-901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi, 2GB minni, 160GB SATA harðdiskur,
8xDVD±RW Dual Layer skrifari, 15.4" WXGA breiðskjár, Intel Graphics Media Accelerator
X4500 skjákort, 3x USB 2.0, ExpressCard/54 rauf, VGA out, Windows Vista Home Basic.

Kr. 79.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



acer

núna

* Hvað er að gerast

RAGNHEIÐUR AXEL FATAHÖNNUÐUR

Ég ætla að fara í pítsu og rauðvín til vinkonu minnar í kvöld og svo ætlum við að skella okkur á myndina September Issue. Á laugardaginn ætla ég að fjárfesta í nýjum palli-ettubuxum og grafa upp gamla vöflujárnið í hárið og fara í eitís-fílingnum á Bakkus. Á sunnudaginn ætla ég að hjóla í Tennishöllina og eftir tennis ætla ég með börnin í sund.

helgín
MIN



Ari sýnir í Pétursborg

Stjörnuljósmyndari Íslands, Ari Magg, hélt til Pétursborgar í Rússlandi í gær ásamt Auði Karítas, eiginkonu sinni, en þar verður hann viðstaddur opnun sýningar sinnar á einu virtasta lista-safni borgarinnar. Ari verður einnig með vinnustofu þarna ytra handa ungum og uppræntandi ljósmyndurum við listaháskólann í Pétursborg um helgina. Fókussinn verður á íslenska hönnun í Pétursborg um helgina því að Steinunn Sigurðardóttir hönnuður og 66° norður verða með tiskusýningu sömu helgi. Ekki skemmir svo fyrir að þriðja árs nemar LHÍ í hönnun verða einmitt staddir í Pétursborg þessa helgi.

Þetta
HELST

Ætluð til þess að hafa um hálsinn
Borghildur Gunnarsdóttir er nýútskrifuð úr
fatahönnunardeild LHÍ.



Gleraugu eftir Hildu Gunnarsdóttur slá í gegn í versluninni Belleville

INNBLÁSIN AF UPPÁHALDSFRÆNKU

Ég er búin að vera að vinna í línunni minni í allt sumar og byrjaði á því að setja þessi gleraugu í framleiðslu," segir Borghildur Gunnarsdóttir en hönnun hennar vakti verðskuldaða athygli á útskriftarsýningu fatahönnunarnema LHÍ í vor. „Ég var mjög ánægð með það að línan vakti góð viðbrögð og margir hvöttu mig til að setja fötin í framleiðslu, sérstaklega gleraugun, en þau virðast hafa vakið mikla lukku.“ Gleraugun eru íslensk framleiðsla

út í gegn. „Smíður sker þau út fyrir mig og ég mála á þau og sauma pokana sjálf,“ útskýrir Hilda. Merkið hennar Hildu kallast Milla Snorrason sem var nafnið á uppáhaldsfrænku. „Milla frænka, eða Emilía Snorrason, var frænka mín og var ævinlega glæsileg og sérstök til fara. Milla frænka átti erfiða ævi og missti öll þrjú börnin sín. Ég á mikið af fötum úr fataskápnum hennar og hún hefur verið mér innblástur að mörgu leyti. Mig langaði þess

vegna að minnast hennar á þennan hátt.“ Hilda ætlar að vinna á Gráa kettinum í vetur til að safna sér pening fyrir framhaldsnámi í fatahönnun erlendis en vonast til að geta komið fleiri vörum til sölu í Belleville á Laugavegi þar sem gleraugun fást núna. „Gleraugun eru aðallega hugsuð til að hafa um hálsinn. Annars getur fólk bara leikið sér með þau eins og það vill.“

amb@frettabladid.is



PRODERM
Húðpurkur Kláði - Sviði Roði
Skjótverk hjálp og vörn á andlit, hendur, og líkama.
Húðin verður mjúk og fær jafnan litarhátt.
CE
Varan er Medicin Teknik
100 skammtar í þrissa
Fæst í apótekum

LifeStream DETOX
Hreinsar líkama og húð Lagar magann
MEST SELDA
HEILSUEFNIÐ Í JAPAN
LIFE STREAM
BODY CLEANSER
Chlorella
500 TABLETS
Hreinsar út aukaefni og þungamálma
Fæst í heilsubúðum

Dansskóli Eddu Scheving bætir skemmtilegri nýjung við stundaskrá vetrarins:

Fyrir fullorðnar ballerínur

Þær sem innst inni hefur dreymt um að svífa um á tásköm geta nú látið draum sinn rætast. „Ég hef svo oft verið spurð að því í gegnum tíðina hvort ég geti ekki boðið tíma fyrir fullorðnar ballerínur svo nú ákvað ég að láta slag standa,“ segir Brynja Scheving, aðalkennari og skólustjóri Ballettskóla Eddu Scheving. Brynja er einmitt dóttir Eddu sem stofnaði ballettskólann fyrir fimmtíu árum.

Tímarnir verða byggðir upp á prógrammi sem hannað var fyrir dansara NY City Ballet og við þá bætt jógaæfingum til að styrkja miðju líkamans og liðka hann. „Svo verðum við að sjálfsögðu með klassísku ballettæfingarnar, bæði við stöng og á gólfi, valsa og smá hopp.“

Þífupils og táskór eru ekki nauðsynlegur klæðnaður í tímana. Þó er mælt með aðsniðnum fötum, svo kennarinn sjái vel hvort ballerínan þurfi að bæta líkamsstöðu sína.

- hhs



Skólustjórinn og kennarinn Ballettskóli Eddu Scheving býður nú í fyrsta skipti ball-ett fyrir fullorðna. Brynja Scheving er skólustjóri og Sigríður Wikfeldt kennir tímana.

FRETTLADID/STEFAN

* augnablikið



BOMBAN PAMELA ANDERSON sýndi að hún hefur engum tókum gleymt þegar hún lét mynda sig í herferð gegn notkun á pelsum fyrir PETA í fyrradag.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Ritstjórn Anna Margrét Björnsson Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



39.900,-

59.900,-

Líttu á
verðið!



35.900,-



35.900,-



34.900,-

mikið
úrval af
kertum



3.490,-



3.490,-



3.490,-



3.490,-

Glæsilegir
púðar í
mörgum
litum

Vorum að
taka upp ný
glös!
Mikið úrval



1.390,-



1.390,-



1.390,-



1.390,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



Bjartmar Þórðarson Undanfarin ár hefur Bjartmar verið með annan fótinn í London, þar sem hann lærði leiklist og leikstjórn. Nú er hann sestur að hér heima og langar að láta til sín taka í leikhúsinu.

LEIKUR ÞRETTÁN HLUTVERK

Bjartmar Þórðarson bregður sér í þrettán hlutverk í einleiknum Skepnunni sem nú er sýndur á fjöllum Leikhús-Batterísins. Föstudagur skyggndist inn í líf leikarans sem berst við að má af sér stimpil söngleikjanna.

Viðtal: Hólmfríður Helga Sigurðard.
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Í hugum margra er Bjartmar Þórðarson fyrst og fremst söngleikhúsmaður. Það er ekkert skrytið. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum leik-sýningum frá unglingsaldri þar sem söngur og dans hefur oft



Verkið greip mig sérstaklega því það segir sögu myrkursins innra með okkur, kannar þær myrkari hliðar manneskjunnar sem við viljum oft ekki kannast við.

en ekki komið við sögu. En Bjartmar er orðinn þreyttur á leikandi létum söngleikjunum. Hann langar að takast á við alvarlegri hlutverk og sýna öðrum það sem hann sjálfur veit – að dramatísk og alvöruþrungin verk eiga ekki síður vel við hann. En það er ekki að því hlaupið að má af sér stimpil söngleikjanna. Bjartmar tók sig því til og þýddi kanadíska verkið Skepnuna, sem hann hafði kynnst þegar hann var við leikstjórnarnám í London í fyrra. Hann kom því að í hinu nýja Leikhús-Batterí í miðbæ Reykjavíkur, þar sem það var frumsýnt í gærkvöldi.

HROLLUR OG GÆSAHÚÐ

Bjartmar ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með Skepnuna. Verkið er ekki einungis einleikur heldur bregður Bjartmar sér í ekki minna en hlutverk þrettán persóna meðan á sýningu stendur. „Nei, þetta er alveg ábyggilega ekki auðveldasta verkefni sem ég hefði getað tekið mér fyrir hendur. En það greip mig sérstaklega því það segir sögu myrkursins innra með okkur, kannar þær myrkari hliðar manneskjunnar sem við viljum oft ekki kannast við. Mér fannst þetta spennandi viðfangsefni.“

Verkið fjallar um hóp persóna

sem tengjast á óræðan hátt í tíma og rúmi. Þær eru bundnar saman af sögumanni sem tengist sögunni á hátt sem ekki er augljós framan af en flettist af þegar fram í verkið sækir. „Svolítið svona David Lynch,“ segir Bjartmar og þorir næstum að lofa bæði hrolli og gæsa húð. „En á heimspekilegu plani fjallar þetta um mannlegar tilfinningar og ástæður þess að við leyfum hinum myrku hliðum okkar að brjótast fram. Hvernig við tortímum sjálfum okkur. Flestir ættu að kannast við einhverjar af myrku hliðunum af sjálfum sér í verkinu. Það fjallar líka um þessa innbyggðu reiði sem

getur komið upp við að takast á við vonbrigðin sem lífið hefur upp á að bjóða. Þegar maður áttar sig á því að stundum séu væntingarnar til lífsins meiri en það getur staðið undir. Og hvernig við höfum þörf fyrir eitthvað stærra en lífið hefur upp á að bjóða.“

STENDUR Á TÍMAMÓTUM

Daður við dekkri hliðar lífsins og hugleiðingar um lífið. Kona veltir því fyrir sér hvort um hina illræmdu þrítugskrísu gæti verið að ræða hjá leikaranum unga, sem fagnar einmitt þrjátíu ára afmæli á næstu dögum. „Það er ýmislegt til í því. Þegar maður nálgast svona tímamót fer maður að endurmeta líf sitt. Maður fer aðeins að skoða inn á við. Hvar stend ég, hvað vil ég vera að gera og hvert stefni ég? Maður vill stíga niður fæti og segja „ég ætla að fara þangað“. Það er afmælisgjöfin til sjálfs míns að sýna á mér nýjar hliðar.“

bak við fjöldin

Stjörnumerki:
Vog

Skemmtilegast að gera:
Pæla í fólk, fara út að borða, gera gamalt upp, ferðast, læra eitthvað nýtt.

Leiðinlegast að gera:
Vaska upp og búa um rúm.

Besti maturinn:
Allt taílenskt. Svo er eþiópískur matur líka sjúklegur, það er bara því miður ekki hægt að fá hann hér.



Uppáhaldsleikarinn:
Ég ber mesta virðingu fyrir leikurum sem geta brugðið sér í allra kvikinda líki, til dæmis Philip Seymour Hoffman og Cate Blanchett.

Uppáhalds-drykkurinn:
Kaffi. Ég er algjör kaffisti. Svart og sykurlaust.

Besta bíómyndin:
The Shining eftir Stanley Kubrick. Frábærlega hrollvekjandi og líka svo áferðarfallæg.

Flottasta borgin:
Istanbul. Vonum bara að hún sé ekki að skemmast allt of mikið í flóðunum.



FLEIRI OPNAR PRUFUR

Bakgrunninn úr söngleikjunum upplifir Bjartmar sem vissan dragbít á þróun leiklistarferils síns. „Annars staðar en á Íslandi, til dæmis í Bandaríkjunum og í Bretlandi, er viðtekin venja að fara úr söngleikhúsi yfir í almennt leikhús. Hér er allt í lagi að koma úr alvarlega leikhúsinu – innan gæsallappa – yfir í söngleikina. En það virðist vera tabú að fara í hina áttina, úr söngleikjunum í alvarlega leikhúsið.“ Þó vill Bjartmar ekki segja loku fyrir það skotið að hann leiki meira í söngleikjum. Hann vill vera gjaldgengur á öllum sviðum leikhússins og vill ekki láta fortíð sína, kynhneigð, eða annað hafa áhrif á þau hlutverk sem hann fær að takast á við.

„Ráðningar í hlutverk hér heima fara allt of mikið eftir því hvaða ímynd þú hefur sem einstaklingur, miklu frekar en hvað þú hefur fram að færa í prufu. Ef þú mætir í stóra prufu í Bandaríkjunum þekkir þig enginn. Þú sýnir bara hvað þú getur og það er enginn að pæla í því hvað þú ert að gera heima hjá þér. Hér snýst þetta of mikið um hvaða típa þú ert frekar en hvernig þú ert sem leikari. Ég myndi vilja sjá fleiri opnar prufur þar sem fleirum er boðið inn og fólk fær að sanna sig á jafnréttisgrundvelli. Það er mjög lítið um það. Valið fer yfirleitt fram á bak við luktur dyr. Þetta var kannski í lagi fyrir nokkrum árum, þegar það lá nokkuð ljóst fyrir hverjir voru í pottinum. En á undanförunum tíu árum hefur leikurum fjölgað svo mikið að það er engin leið fyrir þá sem eru að velja í hlutverk að hafa virkilega góða yfirsýn yfir þá sem eru á markaðnum.“

ELTI LEIKLISTINA ÚT

Þrátt fyrir að hafa eytt meira en hálfri ævinni á leikhúsfjölonum var sú leið í lífinu ekki endilega augljós fyrir Bjartmari. Hlutirnir æxluðust frekar í þá áttina án þess að hann fengi rönd við reist. „Þegar ég var krakki var ég í dansi og þá uppgötvaði ég að ég kynni ágætlega við mig á sviði. Einhvern tímann sá ég leiksýningu og hugsaði með mér; „af hverju er ég ekki þarna alveg eins og þau?“ Ári síðar, þegar ég var fimmtán ára, fór ég svo í prufu fyrir sýninguna Rocky Horror, sem var fyrsta sýningin í Loftkastalanum og Baltasar Kormákur leikstýrði. Ég komst inn í þá sýningu og þar kom það bara allt í einu í ljós að ég gæti sungið. Svo var ég alltaf í söngleikjunum í Versló og fleiri sýningum en það var ekki fyrr en ég var í sýningunni Syngjandi í rigningunni eitt leikár sem ég ákvað að fara út í leiklistina að fullu. Ég fór reyndar í prufu fyrir Leiklistarskólann hérna heima einu sinni og komst ekki inn. Þá saltaði ég leiklistina í svólítinn tíma, fór meira að segja í

háskólann í bókmenntafræðina. En svo endaði maður á því að fara út að læra, ég gat ekki annað.“

ÁST OG HATUR

Bjartmar er nýlega fluttur aftur heim til Íslands en hann var við nám í leikstjórn í breska leiklistarskólanum Rose Bruford síðastliðinn vetur. Áður hafði hann lokið leikaranámi við leiklistarskólann The Webber Douglas Academy of Dramatic Art í London, þannig að London hefur verið hans annað heimili undanfarin ár. „Ei, ég segi það nú kannski ekki,“ svarar Bjartmar, spurður hvort hann langi ekki aftur út. „London hentaði best fyrir leiklistarnám, það var nú eiginlega þess vegna sem ég valdi

hana, frekar en til dæmis Berlín eða New York. En London er svólítið köld og það er ofsalega mikið attitjúd í henni. En samt á ég í nettu ástar-haturssambandi við hana. Þarna bjuggum við Snorri, maðurinn minn, í einu litlu herbergi, ekki nema fimmtán fermetrum. Það var bara voðalega notalegt og við sökn-um oft litla herbergisins okkar.“

NÁM Í SKUGGA SORGAR

Ferðir Bjartmars til London voru líka farnar í skugga sorgar. Móðir hans, Hjördís Bjartmarsdóttir, lést stuttu áður en Bjartmar lagði af stað til London í fyrra skiptið. „Þetta voru mjög stutt veikindi, þau vörðu ekki nema í þrjár vikur. Hún greindist og var komin inn

á líknardeild einni og hálfri viku síðar. Hún hafði fengið sortuæxli tíu árum áður. Svo bara fannst þetta risastóra æxli í öðru lunganu á henni. Hún vildi endilega að ég færi út, alveg sama hvernig þetta færi. Jarðarförin var á fimmtudegi og ég flutti út á laugardagsmorgni. Þetta var skrýttinn tími. En að mörgu leyti var það svólítið gott að skipta bara alveg um umhverfi.“

Annar harmleikur skók svo fjölskylduna um það leyti er Bjartmar var á leið til London í annað sinn, þegar systursonur hans lést eftir margumtalað slys í Kópavogslaug sem hratt af stað miklum umræðum og endurskoðun á öryggismálum sundlauga. „Það er varla að ég

myndi þora að fara aftur til London því það virðist alltaf eitthvað hræðilegt gerast þegar ég stefni þangað,“ segir Bjartmar. En Ísland á hug hans og hjarta hvort sem er og hann sér sig ekki fyrir sér í útlöndum til langs tíma. „Það togar alltaf svo mikið í mann, þetta blessaða land. Vinir manns og fjölskylda eru hérna og maður vill vera nálægt þeim. Núna bý ég í miðbænum með manninum mínum, dóttir hans er hjá okkur aðra hvora helgi og hér er gott að vera. Síðan er svo mikil gróska í listinni hérna heima núna. Þrátt fyrir að engir peningar séu í henni eru allir tilbúnir að leggjast á eitt og gera eitthvað nýtt. Það er spennandi að taka þátt í því.“

Eykur styrk og þol vöðva

Betri árangur!



Vöðvabólga og stirðleiki

Byltingarkennt andoxunarefni!!

Lagar fljótt vöðvabólgu, stirðleika, eymsli, harðsperrur og sinaskeiðabólgu. Gefur aukna mýkt og vellíðan.

Eykur styrk og þol vöðva. Greinilegur árangur við líkamsrækt, álagsvinnu og ferðalög.

Íþróttafólk og sjúkrapjálfarar mæla með AstaZan

segir Kristinn og lýgur því ekki. „Stefnan er að taka upp fleiri lög og gefa eitthvað út og spila sem mest. Við höfum verið dugleg upp á síðkastið og fram undan eru Réttir og líklega Airwaves.“ Fastir liðir, sem sé.

Austfirski kvartettinn Miri mun vera í bullandi stuði þessa dagana, enda er hann að taka upp sína fyrstu breiðskífu í samvinnu við Curver. Önnur plata rapprúbadorsins Helga Vals, The Black Man Is God, the White Man Is the Devil, er nýkomin út. Teitið hefst um klukkan 22 og það er frítt inn.

- drg

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

Gildir föstudaginn 11., laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09



1994 - 2009

ALLTAF

BETRA VERÐ

Acer Aspire 5738ZG-423G25MN

2.0GHz Intel Pentium Dual-Core T4200 - Centrino Duo örgjörvi
• 3GB DDR2 minni • 250GB SATA harðiskur • 15.6" WXGA
CineCrystal skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570
PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél •
Talnaborð • Windows Vista Home Premium

acer **FARTÖLVA**

139.990



acer **FARTÖLVA**

Acer Aspire One 751H

1.33GHz Intel Atom Z520 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB diskur
• 11,6" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA500 PCI skjástýring
• Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Microsoft
Windows XP Home

79.990



msi **VEFMYNDAVÉL**

MSI StarCam Clip Black

Real Pixel VGA vefmyndavél með 800x 600 punkta vídeó upplausn,
1280x960 punkta kyrrmyndaupplausn og 45dB USB hljóðnema.

**NÝ
VARA**

6.990



msi **FARTÖLVA**

MSI Slim X340

Intel C723 1,2GHz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 320GB diskur • 13" TFT
LCD WXGA skjár • Þráðlaust 802.11b/g/n WLAN Bluetooth netkort •
Vefmyndavél • HDMI • 2 x USB 2.0 • Windows Vista Premium

129.990



TVX **TVFLAKKARI**

DViCO TViX R-2230

Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 2.5" diska,
DVB-T sjónvarpsmóttakari, USB, HDMI, fullkomin fjarstýring ofl.

**NÝ
VARA**

24.990



**TOSHIBA
FARTÖLVA**

**VERÐ
LÆKKUN
10.000kr.
ÓDÝRARI**

Toshiba Satellite L500-142

2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino
Duo örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz minni • 320GB
diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari •
15.6" FHD WXGA+ skjár með High Def TruBrite •
512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express
skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • VGA
vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

159.990

VERÐ ÁÐUR KR. 169.990



TVFLAKKARI

DViCO TViX R-3300

Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska, afspilun
yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.

34.990



LCD SKJÁR

Acer V233HB

23.6" LCD breiðskjár
• 1920x1080p
upplausn • 40.000:1
(ACM) • 5ms svartími
• VGA tengi ofl.

**NÝ
VARA**

39.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍDVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

Forman er hápunktur RIFF

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefst 17. september og stendur yfir í ellefu daga. Heiðursgesturinn Milos Forman verður viðstaddur viðhafnarsýningu á Gaukshreiðrinu.

Þrjár myndir Formans verða sýndar á hátíðinni. Auk Gaukshreiðursins verða sýndar Amadeus og Horí, ma panenko. Þá síðastnefndu gerði Forman á meðan hann bjó enn í Tékkóslóvakíu og er frá 1967. Hann er einn fjögurra núlifandi leikstjóra sem hafa hlotið Óskarsverðlaunin tvisvar fyrir leikstjórn, fyrst fyrir Gaukshreiðrið og síðan fyrir Amadeus. Hinir leikstjórnir eru Clint Eastwood, Oliver Stone og Steven Spielberg.

Hrönn Marinósdóttir, skipuleggjandi RIFF, segir það stórvíðburð að fá þennan merka leikstjóra til landsins. „Það má segja að þetta sé hápunktur hátíðarinnar frá því að hún var stofnuð árið 2004. Hann er einn fremsti kvikmyndaleikstjóri samtímans og það er mikill heiður að fá hann hingað.“

Viðhafnarsýningin á Gaukshreiðrinu verður í aðalsal Háskólabíós 23. september kl. 20 að viðstöddum Forman og mun hann svara spurningum áhorfenda í



STEFÁN PÉTUR SÓLVEIGARSON Hönnuðurinn Stefán Pétur heldur á æðstu verðlaunum hátíðarinnar, Gyllta lundanum.

sal að lokinni sýningu. Hann mun einnig ræða um kvikmyndalist sína í hátíðarsal Háskóla Íslands 22. september kl. 14 og mun Baltasar Kormákur stýra þeim umræðum.

Auk Formans koma á sjötta tug erlendra leikstjóra á hátíðina og munu þeir allir taka þátt í dagskránni með einum eða öðrum hætti. Alls verða rúmlega hundrad myndir sýndar á hátíðinni og keppa þær í níu mismunandi flokkum. Á hátíðinni verða kynntar til sögunnar fjölskylduvænar nýjungar, svo sem foreldrabíó þar sem gert er ráð fyrir barnavögnum í salnum. Börnum verður einnig boðið í bíó

21. til 25. september kl. 14 til 16 í Norræna húsinu.

Fjórtnán myndir keppa um Gyllta lundann, æðstu verðlaun hátíðarinnar. Sigurvegarinn hlýtur útnefninguna uppgötvun ársins. Stefán Pétur Sólveigarson hefur hannað nýjan verðlaunagrip af þessu til efni og var hann afhjúpaður í gær. „Þetta var ótrúlega gaman en líka svolítið krefjandi því fólk hefur sterkar skoðanir á svona verðlaunagripum,“ segir hann um hönnun sína. Sala á miðum, afsláttarkortum og pössum á hátíðina hefst í Eymundsson í Austurstræti í dag.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

HVAÐ FER MANN TIL AÐ KOMA SÖKINNI Á SJÁLFAÐ SIG?

ÓTRÚLEG UPPLIFUN Í 3D
FINAL DESTINATION

BEYOND A REASONABLE DOUBT

H2

LUXUS

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000

FINAL DESTINATION 3D	kl. 6-8-10-12	16	BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 8-10-20	16
HALLOWEEN 2	kl. 5:45-8-10:15	16	SEPTEMBER ISSUE	kl. 6-8	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 5-8-11	16	INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 10	12
INGLOURIOUS BASTERDS LUXUS	kl. 5-8-11	16	THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 8	L
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5-8-11	16	KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 10:15	16
ÍSÖLD 3 3D ISLENSKI TAL	kl. 3:45	L	ANDKRISTUR ENSKT TAL/ÓTEXTUÐ	kl. 8	18
ÍSÖLD 3 ISLENSKI TAL	kl. 3:40	L	SÁNA ENSKUR TEXTI	kl. 10	16
			LJÓSÁR ENSKUR TEXTI	kl. 6	L
			QUEEN RAQUELA ENSKUR TEXTI	kl. 6	14
			NORÐUR ENSKUR TEXTI	kl. 6	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

FINAL DESTINATION 3D	kl. 8-10	16	REGNBÓGINN	SÍMI 551 9000	750 kr.
THE GOODS LIVE HARD SELL HARD	kl. 8	14	ÓDÝRT Í BÍÓ!		
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 10	16			
STELPURNAR OKKAR	kl. 6	L	BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 5:40-8-10:20	16
THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 6	L	G.I. JOE	kl. 5:40-8-10:20	12
			TAKING OF PELHAM 123	kl. 5:30-8-10:30	16
			KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6-9	16

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

DIGITAL 3D

H2

POWER SÝNING KL. 10:00

FINAL DESTINATION

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

THE FINAL DESTINATION 3D	kl. 6, 8 og 10 (POWER)	16
HALLOWEEN II	kl. 5:50 og 10:10	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 7 og 10	16
MY SYSTEMS KEEPER	kl. 8	12

Vanessa Hudgens Lisa Kudrow
Frábær skemmtun – Frábær tónlist

BANDSLAM

FINAL DESTINATION

REYKJAVÍK WHALE WATCHING MASSACRE

SAMBÍÓIN ALFABAKKA

BANDSLAM	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:20	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 6 - 8 - 10:10	16
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 3:40 - 8	VIP
UP M/Ensk. Tali	kl. 8 - 10:20	L
UPP M/Ísl. Tali	kl. 3:40(30) - 5:50(30)	L
UPP M/Ísl. Tali	kl. 3:40 - 5:50	L
DRAG ME TO HELL	kl. 8 - 10:20	16
G-FORCE M/Ísl. Tali	kl. 4	L
THE PROPOSAL	kl. 8	L
THE PROPOSAL	kl. 5:50	VIP
HARRY POTTER 6	kl. 5	10

HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl. 8:30 - 10:30	16
BEETHOVEN TÓNLEIKARÓÐ / III	kl. 6	L
BANDSLAM	kl. 8:20	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8:30 - 10:30	16
UP M/Ensk. Tali	kl. 10:30(30)	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 4(30) - 6:20(30)	L
UPP M/Ísl. Tali	kl. 4 - 6:20	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

BANDSLAM	kl. 5:40 - 8 - 10:10	L
DISTRICT 9 miðnætursýning	kl. 12:20	16
UPP M/Ísl. Tali	kl. 5:40	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8 - 10:10	16

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 11. september 2009

→ Tónleikar

20.30 Gunnar Þórðarson heldur eins manns konsert í Edinborgarsalnum við Aðalstræti á Ísafirði.

22.00 Dúndurféttir halda Led Zeppelin tónleika á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

23.00 Me, the Slumbering Napoleon, Morðingjarnir og Plastic Gods koma fram á tónleikum sem haldnir verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Húsið verður opnað kl. 22. Aðgangur er ókeypis.

→ Dansleikir

Á móti sól ætla að slá upp réttaballi í Ánesi í Gnúpverjahreppi.

Dalton verða á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

FORSALAN HAFIN!

BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

KVIKMYNDIR AF DANIEL ALFREDSON

MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM

ANNIKA HALLÍN PER OSCARSSON LENA ENDRE PETER ANDERSSON

FRUMSÝND 2. OKTÓBER

midi.is

NORDISK FILM & TV FOND'S

HighFive™

KYNNA MEÐ STOLTI

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2009




Háskólabíó

11.-13. september

ANDKRISTUR // LJÓSÁR // NORÐUR // QUEEN RAQUELA // SÁNA
5 VERÐLAUNAMYNDIR SÝNDAR AÐEINS ÞESSA EINU HELGI



ANDKRISTUR
EFTIR LARS VON TRIER
DANMÖRK



LJÓSÁR
EFTIR MIKAEL KRISTERSSON
SVÍPJÓÐ



NORÐUR
EFTIR RUNE DENSTAD LANGIO
NOREGUR



QUEEN RAQUELA
EFTIR OLAF DA FLEUR
ÍSLAND



SÁNA
EFTIR AJ ANNILLA
FINNLAND

SÝNINGARTÍMAR

Föstudagur 11. september

Andkrstur kl. 20
Queen Raquela kl. 18
Norður kl. 18
Ljósár kl. 18
Sána kl. 22

Laugardagur 12. september

Sána kl. 16 og 18
Ljósár kl. 16 og 18
Norður kl. 16, 20 og 22
Andkrstur kl. 18
Queen Raquela kl. 22

Sunnudagur 13. september

Ljósár kl. 16 og 18
Norður kl. 16 og 18
Sána kl. 16 og 20
Queen Raquela kl. 18
Andkrstur kl. 22

Dagskrá og miðasala á

mid.is

græna ljósið


NÆSTU LEIKIR VISA BIKARINN 2009



Undanúrslit karla

Laugardaginn 12. september

Kl. 16:00 Fram - KR Laugardalsvöllur



Sunnudaginn 13. september

Kl. 16:00 Keflavík - Breiðablik Laugardalsvöllur



VISA

VISA styður íslenska boltann

> Landsliðshópur fyrir Eistaleikinn klár

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur tilkynnt 18 manna hóp fyrir leik gegn Eistlandi í undankeppni HM 2011. Íslenski hópurinn á móti Eistlandi er eftirfarandi: **Markverðir:** Guðbjörg Gunnarsdóttir, Þóra B. Helgadóttir. **Varnarmenn:** Ásta Árnadóttir, Erna B. Sigurðardóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir, Sif Atladóttir. **Miðjumenn:** Dóra Stefánsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Erla Steina Arnardóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Sara Björg Gunnarsdóttir. **Framherjar:** Dóra María Lárusdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Rakei Hönnudóttir.



sport

sport@frettabladid.is

ÚRSLITALEIKUR EM FÓR FRAM Í GÆR:

Þýskur stórsigur

Ekkert virðist geta stöðvað sigurgöngu kvennalandsliðs Þýskalands, sem vann 2-6 stórsigur gegn Englandi í bráðskemmtilegum úrslitaleik á EM í Finnlandi í gær.

Þýskaland vann þar með sinn sjöunda Evrópumeistaratil og sinn fimmta titil í röð en þær þýsku unnu einnig árin 1995, 1997, 2001 og 2005.

Birgit Prinz og Inka Grings skoruðu tvö mörk hvor og Melanie Behringer og Kim Kulig eitt fyrir þær þýsku en Karen Carney og Kelly Smith skoruðu fyrir England. Grings fékk svo gullskóinn í leiklok en hún var markahæst á EM með sex mörk.



Ísland góður stökkpallur

Gilles Mbang Ondo hefur slegið í gegn með liði Grindavíkur í Pepsi-deild karla. Hann er fæddur í Afríkurlöndum Gabon, ólst upp í París í Frakklandi en spilar nú knattspyrnu í Grindavík. Hann stefnir þó á að spila í sterkari deild á næsta ári.

FÓTBOLTI Gilles Mbang Ondo hefur verið einn besti leikmaður Íslands-mótsins í sumar, þá sérstaklega í síðari hluta mótsins. Alls hefur hann skorað tíu mörk í átján deildarleikjum með Grindavíkurlíðinu sem hefur verið á góðu skriði að undanförunu. Ondo segist ánægður hjá Grindavík og í íslenska boltanum.

„Ég hef verið ánægður með mína frammistöðu og hef tekið stefnuna á að komast að í sterkari deild, til að mynda á Norðurlöndunum. Mér líður þó vel í Grindavík enda er deildin sterk og fót-boltinn sem hér er spilaður er góður,“ segir Ondo.

Hann segir að hann hafi ákveðið í samráði við sinn umboðsmann að koma til Íslands þar sem það væri góður stökkpallur fyrir stærri deildir í Evrópu.

„Ég er með sænskan umboðsmann og okkur leist vel á að koma til Íslands. Hér fá leikmenn góðan undirbúning fyrir að spila í stærri deildum auk þess sem það er vel fylgst með íslenska boltanum, þá sér í lagi á öðrum Norðurlöndum. Ég mun reyna allt sem ég get til að komast að í sterkari deild og erum við þá að miða við Norðurlöndin. Ég hef eitthvað heyrt af áhuga annarra liða en þó er ekkert fast í hendi enn. Ég vona þó að ég komi ekki til Íslands næsta sumar en það er aldrei að vita hvað gerist.“

Eiginkona Ondo er þar að auki sænsk og segir hann því upplagt fyrir sig að reyna fyrir sér þar.

Ondo fæddist í Afríkurlöndum Gabon en aðeins tíu mánaða gamall fluttist hann til Frakklands



MARKSÆKINN Gilles Mbang Ondo er hér í leik Grindavíkur og Vals í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

með fjölskyldu sinni. Hann ólst upp í París og spilaði með unglingaliði PSG áður en hann flutti sig um set, til Auxerre. Þar spilaði hann bæði með U-19 liði félagsins sem og varaliðinu.

Áður en hann kom til Grindavíkur var hann á mála hjá austurríska neðri deildar liðinu Eisenstadt sem reyndar fór á hausinn um það leyti sem hann kom til Grindavíkur á síðasta ári.

Ondo er 23 ára gamall en þó að hann hafi aðeins spilað í neðri deildunum í Austurríki og hér á Íslandi á hann þó að baki sex landsleiki með Gabon en hann hefur skorað í þeim eitt mark.

„Landsliðið hefur verið á mikilli uppleið undanfarin ár enda fjölmargir knattspyrnumenn frá Gabon sem hafa verið að spila í sterkum deildum í Evrópu. Ég tel að það muni styrkjast enn frekar á næstu 2-3 árum og þá munum við láta enn meira að okkur kveða,“ sagði Ondo en Gabon er í 35. sæti heimslistans, 61 sæti fyrir ofan Ísland á listanum.

Gabon hefur verið að gera góða hluti í undankeppni HM í Afríku en liðið tapaði þó fyrir sterku liði Kamerúns nú í tvígang í mánuðinum og á fyrir vikið minni möguleika á að komast á HM í Suður-Afríku á næsta ári.

Ondo stefnir þó ótrauður á að vinna sér sæti í landsliðinu á nýjan leik. „Árið 2012 fer Afríkumótið fram í Gabon og þar ætla ég mér að vera með og í fremstu víglínu liðsins. Ég hika ekki við að setja markið hátt.“

eirikur@frettabladid.is

Logi Geirsson ánægður með þjálfaraskipti hjá liði sínu, Lemgo, í Þýskalandi:

Sá sem keypti mig kominn aftur

HANDBOLTI Logi Geirsson, landsliðsmaður og leikmaður Lemgo í Þýskalandi, fagnar því að þjálfaraskipti hafi átt sér stað hjá liðinu. Markus Baur var látinn taka poka sinn í fyrrakvöld og í gær var tilkynnt um ráðningu Volker Mudrow í hans stað.

Mudrow var þjálfari Lemgo á árunum 2002 til 2007. „Þetta er sá þjálfari sem keypti mig til Lemgo fyrir sex árum og það er því viss sigur fyrir mig að fá hann,“ sagði Logi í samtali við Fréttablaðið. Hann hefur átt nokkuð erfitt uppdráttar hjá félaginu undanfarin tvö ár vegna tíðra meiðsla og baráttu um sæti í byrjunarliðinu.

„En þetta kom mér ekki sérstak-

lega á óvart því okkur hafði gengið hræðilega á undirbúningstímabilinu. Við lékum þá fimmtán leiki við sterk lið og þar af töpuðum við fjórtán. Lemgo er lið sem er með ekki minna fé á milli handanna en Kiel og önnur stórlíð og þetta þótti því ekki ásættanlegur árangur.“

Hann segir að leikmönnum sé létt. „Við erum allir tíu kílóum léttari nú þegar þessu er lokið. Baur var ágætisþjálfari en hann náði ekki neinu úr þessum góða mannskap sem er hjá liðinu.“

Logi er nú á sínu síðasta ári samkvæmt



núverandi samningi. „Ég var orðinn spenntur fyrir því að prófa eitthvað nýtt en hvað verður kemur bara í ljós. Fyrst og fremst vil ég að liðið nái árangri og ber ég hag félagsins fyrst og fremst fyrir brjósti.“

Logi er nú að jafna sig á erfiðum axlarmeislum en er allur að koma til. „Ég er orðinn 95 prósent góður en á enn eftir að fá grænt ljós frá læknum. En það er stutt í það og ég hef ekki verið glaðari hjá félaginu undanfarin tvö ár en einmitt núna í dag.“

- esá

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

Gildir föstudaginn 11., laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09



SPORT
besta sætið



MEISTARADEILDIN

HEFST Á ÞRIÐJUDAG

Á ÞRIÐJUDAG

18:30 **BESIKTAS – MAN. UTD.**

18:30 **CHELSEA – PORTO**

18:40 **FC ZURICH – REAL MADRID**

20:40 **MEISTARAMÖRKIN**

Á MIÐVIKUDAG


18:30 **INTER MILAN – BARCELONA**

18:30 **LIVERPOOL – DEBRECEN**

18:40 **STANDARD LIEGE – ARSENAL**

20:40 **MEISTARAMÖRKIN**

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ HORFA
Á SPORTIÐ
HEIMA



> Juliette Lewis

„Það er rangt að halda því fram að fegurð skipti mestu máli fyrir leikkonur. Ég hef til dæmis fengið mörg góð hlutverk sem aðrar leikkonur þóttu hreinlega of fallegar til að leika.“

Lewis fer með hlutverk í myndinni Falinn fjársjóður sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 22.50.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON BYR SIG UNDIR LÍFIÐ MEÐ SJÓNVARPSGLÁPI

Breska ofurfóstran sem elur upp börnin fyrir þig

Ég á það til að festast yfir hinum furðulegustu sjónvarpsþáttum á kvöldin. Einn slíkur er Supernanny, eða Ofurfóstran, sem sýndur er á Stöð 2. Þátturinn er mundi flokkast sem raunveruleikaþáttur og er breska ofurfóstran Joanne „Jo“ Frost í forgrunni. Samkvæmt leitarvélinni Google hefur Jo yfir tuttugu ára reynslu sem barnfóstra og hefur unnið bæði í heimalandinu Bretlandi og í Bandaríkjunum. Auk sjónvarpsþáttarins hefur fróken Frost ritað þrjár bækur um barnaupplægingu, Supernanny: How to Get the Best from Your Children, Ask Supernanny: What Every Parent Wants to Know og loks Jo Frost's Confident Baby Care.

Í Ofurfóstrunni heimsækir Jo foreldra sem standa ráðþrota frammi fyrir ódælum börnum sínum og reynir að aðstoða þá við uppeldið. Hún beitir ýmsum uppeldisaðferðum við að ná tilætluðum árangri og má þar nefna „leikhlésaðferðina“, en þá er óþekktum



börnum gert að sitja kyrr á ákveðnum stað á meðan aðrir fjölskyldumeðlimir halda áfram sínum daglegu störfum. Frost leggur mikla áherslu á að reglu sé viðhaldið í daglegu lífi barnanna og telur mikilvægt að börn vakni, læri, borði og hátti á sama tíma svo hægt sé að viðhalda daglegri rútinu þeirra.

Þar sem ég er barnlaus er í raun algjör vitleysa að ég skuli vera að horfa á þætti sem þessa þar sem þeir auka aðeins á hræðslu mína við barn-eignir og ótta minn við að geta ekki innt uppallanda-hlutverkið nægilega vel af hendi. Aftur á móti gæti vel verið að með áhorfi á þætti sem þessa verði ég betur í stakk búin til að verða foreldri sjálf. Sjónvarpið miðlar því ekki aðeins fréttum og afþreyingu nú til dags heldur einnig alls konar fræðsluefni. Með sjónvarpsáhorfi getur nútímamaðurinn lært að elda mat, innrétta hífylí sín, ala upp börnin og ýmislegt fleira nýtsamlegt.

FÖSTUDAGUR



▶ **17.00 The Sopranos** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Hot Shots!** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Beauty and the Geek** STÖÐ 2



▶ **20.20 Popppunktur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Man of the Year** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

17.00 Tákn málsfréttir

17.10 Bjargvætturinn (6:26)

17.35 Bangsímón og vinir hans

18.00 Helgarsportíð Íþróttabáttur þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir. Umsjónamaður er Ásgeir Erlendsson.

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

▶ **20.20 Popppunktur** Dr. Gunní og Felix Bergsson stjórna spumingakeppni hjóm-sveita. Í þessum aukabætti eigast við lið atvinnumanna og áhugamanna. Fyrir hönd atvinnumanna keppa Kjartan Guðmundsson og Atli Fannar af Fréttablaðinu og Óli Palli af Rás 2. Gegn þessu sterka liði valdist afburðafólk „utan úr bæ“, þau Bertel Andrésson, Helga Þórey Jónsdóttir og Björn Gunnlaugsson.

21.20 Amanda (Amanda) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1996 um dreng sem dettur af hestbaki og upp frá því fer sjón hans að hraka. Aðalhlutverk: Kieran Culkin, Dennis Haybert, Chris Mulkey og Alice Krice.

22.50 Falinn fjársjóður (Blueberry) Bíómynd frá 2004. Myndin gerist um 1870 og segir frá lögverði sem reynir að hindra að skálfur sem drap kærustuna hans komist yfir gull sem falið er á indíánaslóðum. Aðalhlutverk: Vincent Cassel, Juliette Lewis, Michael Madsen, Temuera Morrison, Ernest Borgnine og Djimon Hounsou. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

08.00 Scoop

10.00 Cats & Dogs

12.00 Bring It On: All or Nothing

14.00 Employee of the Month

16.00 Scoop

18.00 Cats & Dogs

▶ **20.00 Hot Shots! Part Deux** Gamanmynd með Charlie Sheen, Lloyd Bridges, Richard Crenna, Rowan Atkinson og Miguel Ferrer í aðalhlutverkum.

22.00 Gone Baby Gone

00.00 Hostage

04.10 Gone Baby Gone

06.00 Confetti

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Litla risaæðlan, Gulla og grænjaxlamir og Kalli litli Kanína og vinir.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful Forresterfjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tísku-bransanum þrátt fyrir mikið mótæti og erjur utan sem innan fyrirtækisins.

09.30 The Doctors

10.15 Jamie At Home (10:13)

10.40 You Are What You Eat (1:18)

11.05 Amnesia (6:8)

11.50 Monarch Cove (6:14)

12.35 Nágrannar

13.00 La Fea Más Bella (23:300)

13.45 La Fea Más Bella (24:300)

14.30 La Fea Más Bella (25:300)

15.20 Grumpy Old Women (1:4)

15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, Camp Lazlo og Kalli litli Kanína og vinir.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (22:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Auði og Sveppi Auði og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í þætti þar sem allt er leyfilegt.

▶ **20.00 Beauty and the Geek** (7:10) Fimmthi hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni í hinni viðfrægu kænsku- og krúttkeppni.

20.45 Stelpurnar (12:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvísvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni. Verið viðbúin því stelpurnar ganga alla leið í gríninu.

21.10 Across the Universe Ástarsaga byggð utan um bestu lög Bítlananna.

23.20 Backbeat Leikin mynd sem lýsir fyrstu árum Bítlananna þegar þeir störfuðu sem pöbbaðar í Hamborg.

01.00 Mississippi Burning

03.05 Ultraviolet

04.30 Stelpurnar (12:20)

04.55 Friends (22:24)

05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

17.25 Inside the PGA Tour 2009 Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótariðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

17.50 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

18.20 England - Króatía Útsending frá leik í undankeppni HM.

20.00 La Liga Report Hitadupp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

20.30 F1: Ítalía - Æfingar Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn á Ítalíu.

21.00 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

21.30 Ultimate Fighter - Season 9 Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

22.15 UFC Unleashed Bestu bardagamir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

22.55 \$40k Championship Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu póker-spilarnir heims.

23.50 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold 'Em.

SPORT 2

enski boltinn

17.30 Chelsea - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

19.10 Man. Utd - Birmingham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hlíðum.

21.20 Premier League Preview Hitadupp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

21.50 PL Classic Matches Chelsea - Arsenal, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

22.20 PL Classic Matches West Ham - Sheffield Wed, 1999.

22.50 Premier League Preview

23.20 Man. Utd. - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dynasty (48:88) (e)

08.50 Pepsi MAX tónlist

18.00 Dynasty (49:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.

18.50 What I Like About You (16:24) Bandarísk gamanseria um tvær ólíkar systur í New York. (e)

19.15 Welcome to the Captain (4:5) Bandarísk gamanþáttarið um skrautlegan hóp fólks sem býr í sömu byggingu í Hollywood. (e)

19.45 America's Funniest Home Videos (25:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir af myndbrotum sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

20.10 The Contender Muay Thai (4:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai.

▶ **21.00 Man of the Year** Robin Williams leikur Tom Dobbs, stjórnanda vinsæls pólitísks spjallþátts, sem ákveður skyndilega að bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna.

22.40 PA's (1:6) Glæný bresk þáttarið um nokkra einkaritara í fjárfestingarbankanum sem sinnir þörfum frægra og forrakra viðskiptavina. (e)

23.40 World Cup of Pool 2008 (15:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snildartaka í heimsbíkarkeppninni í pool.

00.30 Home James (10:10) (e)

01.00 Penn & Teller: Bullshit (e)

01.30 Penn & Teller: Bullshit (e)

02.00 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Jón Kristinn Snæhólm og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra, ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.

21.00 Reykjavík - Ísafjörður - Reykjavík Seinni hluti. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson.

21.30 Græðlingur (e)

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKÓLALÍFIÐ ER Á VISIR.IS

Fréttavefur framhaldsskólanna



Skólalíf er fyrsti fréttavefur sinnar tegundar á Íslandi þar sem framhaldsskólanemar birta fréttir og myndir frá félagslífi skólanna, auglýsa viðburði og þú getur nálgast vefútgáfur skólablaðanna. Við viljum bjóða þinn skóla velkominn á fréttavef framhaldsskólanna á visir.is.

VISIR.IS

...ég sá það á visir.is

Í KVÖLD

BÍTLAKVÖLD Á STÖÐ 2

Across the Universe og Backbeat

Það verður sannkölluð Bítlaveisla á Stöð 2 í kvöld og munu veisluhöldin hefjast klukkan 21.10 þegar sýnd verður kvikmyndin Across the Universe. Hér er á ferðinni ástarsaga sem byggð er utan um bestu lög Bítlanna. Myndin segir frá ungri bandarískri hástéttarstúlkum sem fellur fyrir breskum innflytjanda frá Liverpool.

Strax á eftir eða klukkan 23.20 verður svo sýnd kvikmyndin Backbeat sem fjallar um fyrstu ár Bítlanna þegar þeir störfuðu sem pöbba-band í Hamborg. Fjallar myndin aðallega um „gleymda Bítilinn“ Stuart Sutcliffe sem lék á gítar í The Beatles áður en hann ákvað að segja skilið við rokkið og helga sig myndlistinni.



VIÐ MÆLUM MED Auddi og Sveppi

Stöð 2 kl. 19.20

Auddi og Sveppi héldu í leynilega svaðilför og þar sem þeir kynntust lífi útgangsmanna í Reykjavík af eigin raun. Það tók rúma fjóra tíma að farða og útbúa fyrir þá gott gervi en af því loknu héldu þeir af stað út í grimma veröld rónanna. Þeir prófuðu meðal annars að betla í Bankastræti, sníkja sjússa fyrir utan ÁTVR, láta henda sér út úr Smáralind, skella sér á róna-djamm og láta lögguna hirða sig. Allt þetta og fleira í þættinum í kvöld.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútlarp hefst
- 06.50 Bæn
- 07.05 Vött og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Sagnaslöð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 „The First Lady“ í Laufásborg

- 14.03 Hjarta mitt býr á götuhorni
- 15.03 Útlarpssagan: Með hægð eftir Milan Kundera.
- 15.25 Draumaprinsinn
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Fimm fjórðu
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spelliginn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Óvissuferð - allir velkomnir
- 21.10 Hringisól
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan

- | | | | | | |
|---------|-------------|---------|--------------|----------|----------------|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útlarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útlarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útlarp Saga | | |

EXTRA

16.00 Doctors (3:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingunum á milli þess sem það greiðir úr eigin flækjum í ástarlífinu.

16.30 Doctors (4:25)

► **17.00 The Sopranos** (29:39) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengi að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er fjölskyldumaðurinn og mafíuföringinn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

18.00 Peep Show (8:12) Sprenglæglegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þritugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að lif þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

18.30 Doctors (3:25)

19.00 Doctors (4:25)

19.30 The Sopranos (29:39)

20.30 Peep Show (8:12)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.45 Entourage (1:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt í kvikmyndaborginni þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.

22.15 NCIS (5:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengdum hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefni eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.

23.00 Eleventh Hour (8:18)

23.45 Auddi og Sveppi

00.20 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Lab Rats **12.30 Never Better** **13.00 Only Fools and Horses** **13.30 Absolutely Fabulous** **14.00 The Weakest Link** **14.45 Lab Rats** **15.15 Never Better** **15.45 Only Fools and Horses** **16.15 Absolutely Fabulous** **16.45 Absolutely Fabulous** **17.15 Doctor Who** **18.00 No Heroics** **18.30 Never Better** **19.00 Lab Rats** **19.30 Absolutely Fabulous** **20.00 The Jonathan Ross Show** **20.50 No Heroics** **21.15 Never Better** **21.45 Lab Rats** **22.15 Absolutely Fabulous** **22.45 Absolutely Fabulous** **23.15 Doctor Who**

DR 1

12.00 Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.50** A Time To Kill **22.15** American Pie **23.45** Seinfeld

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Sametingsvalget 2009 **12.30** Valget er for alle **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukhuset i Aidenfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.10** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Velg! 09 **19.55** Detektimen. Kidnapparane **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen. Kidnapparane **21.50** Tudors **22.40** Pop-revy fra 60-tallet

SVT 1

12.00 Mitt nya liv i Skottland **13.00** Stephen Fry. Att leva med hiv **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlán **15.00** Basar **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Gøkväll **17.00** Kulturyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Derailed **20.45** Kulturyheterna **21.00** Stressad, rädd och förbannad **21.30** Jag, du, dom **23.15** Studio 60 on the Sunset Strip

TAL

Alltaf ódýrara net

Tal	Síminn	Vodafone
Tal 10 GB Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s* 10 GB erlent niðurhal 3.490 kr. mánaðargjald <small>* mesti hraði miðað við gæði línunnar.</small>	Leið 1 Hraði allt að 2 Mb/s Gagnamagn 10 GB 4.190 kr. mánaðargjald Skv. siminn.is	Huggulega netið Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s 10 GB erlent niðurhal 4.190 kr. mánaðargjald Skv. vodafone.is

Nýr netpakki fyrir þá sem vilja mikið niðurhal: **6.990 kr.** mánaðargjald
TAL 120 GB - mesti hraði, allt að 12 Mbit/s

Allur Pakkinn

frá **3.490 kr.** á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

HEIMASÍMI SÚJÓNVARP NET GSM

Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Hér á Akureyri er það Krúa Slám á móti B.S.O. leigubílastöðinni á Strandgötu. Þar fær maður asíska mat, mjög góðan og hollan, eða svo telur maður sér trú um. Ég mæli með kjúklingi í gulu karrí.“

Henry Þór Baldursson skripóbloggari

Kynlíf og slagsmál í ævisögu Gylfa Ægis

„Með fullri virðingu fyrir öðru fólki, þá held ég að enginn hafi upplifað eins litríka ævi – þó svo að margir hafi gert margt merkilegt. Eða fyndna ævi! Við skulum segja það frekar,“ segir Sólmundur Hólm, blaðamaður og skemmtikraftur.

Sólmundur hefur lokið við handrit að ævisögu Gylfa Ægissonar og skrifaði á miðvikudag undir útgáfusamning við Senu. Bókin kallast Sjúddírarírei og kemur út í byrjun nóvember.

Sólmundur segir mikil gæði í sögum Gylfa og að ótrúlegustu menn dúkki upp. „Lélegustu sögurnar hans eru betri en bestu sögurnar úr mínu lífi,“ segir hann með lotningu. „Það sem einkennir karlinn er að hann er ekkert spéhræddur. Hann segir frá hlutum sem ég myndi aldrei segja frá hefði ég lent í þeim.“

Spurður hvort ævisaga Gylfa sverji sig í

ætt við svokallaðar rokkævisögur, sem einkennast af hinu fornkeðna: „Sex, drugs and Rock n' Roll“ segist Sólmundur lofa öllu nema dópinu. „Ég get lofað sexi, miklu vini, spira og rokk og róli. Þetta er grjóthart, það er verið að berja menn og allt mögulegt.“

Sena verður áberandi í jólabókaflóðinu í ár, en útgáfan hefur hingad til einbeitt sér að útgáfu tónlistar. Bók um valið á 100 bestu plötum Íslandssögunnar er á teikniborðinu, en sérfræðingar úr ýmsum áttum tóku listann saman í sumar. Blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen

og tónlistarsérfræðingurinn Jónatan Gardarsson fjalla um allar plöturnar á listanum og sá síðarnefndi rýnir í niðurstöðurnar.

Loks gefur Sena út ævisögu Villa Vill, en Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson sé á síðustu metrunum með að ljúka henni.

- afb



ÓSERHLÍFINN
Sólmundur segir Gylfa ekki hræddan við að segja sögur af sjálfum sér.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. mót, 6. í röð, 8. neitun, 9. illæri, 11. þys, 12. svölun, 14. ríkis, 16. drykkur, 17. umfram, 18. skelfing, 20. þurrka út, 21. eggja.

LÓÐRÉTT 1. hjúf, 3. öflug röð, 4. prófuðum, 5. skjön, 7. átakanlega, 10. kyrra, 13. kvk nafn, 15. ílát, 16. auð, 19. ónefndur.

LAUSN

skál, 16. tóm, 19. nn.
5. mis, 7. sárlega, 10. óa, 13. una, 15. umyndum.

LÓÐRÉTT: 1. gírf, 3. on, 4. reyndum, auk, 18. ógn, 20. má, 21. mana.
11. ys, 12. ftönn, 14. lands, 16. te, 17. óar.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Um 8,5 milljarða króna.
- Olli Rehn.
- Með allt á hreinu.

Diskó Friskó

Afmæli-Reunion-Brúðkaup.
Erum eingöngu með party-dja.
Leigjum einnig út hljóðkerfi

www.dj.is

Party-Ljónið dj kristján
sími 8960602 - kristjan@dj.is

JÓHANNA VIGDÍS HJALTADÓTTIR: STJÓRNAR MATREIÐSLUÞÆTTI Á RÚV

FRÉTTAKONA ELDAR FYRIR SJÓNVARPSÁHORFENDUR

„Við ætlum að reyna að hafa einfaldleikann að leiðarljósi. Við ætlum vonandi að búa til góðan og girnilegan mat á einfaldan hátt og helst þannig að hann kosti ekki of mikið,“ segir fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.

Í byrjun október hefur göngu sína vikulegur matreiðsluþáttur í Sjónvarpinu með Jóhannu Vigdís við stjórnvöllinn. „Mér finnst þetta mjög spennandi. Ég hef heyrt hjá fólki að það er eftirspurn eftir matreiðsluþáttum og almennt held ég að áhugi fólks á eldamensku hafi farið vaxandi undanfarin ár,“ segir Jóhanna Vigdís, sem mun halda áfram störfum sínum sem þingfréttamaður á RÚV meðfram þáttagerðinni.

Jóhanna Vigdís hefur gefið út tvær matreiðslubækur sem hafa báðar selst eins og heitar lummur og segist hún vera afar þakklát fyrir það. „Ég fæ mjög mikið af góðum skilaboðum frá þeim sem hafa gaman af bókunum og mér þykir óskaplega vænt um það. Það sýnir okkur líka að þessi áhugi er fyrir hendi og fer vaxandi. Ég held að matreiðslubækur hafi varla selst eins mikið og síðustu misseri.“

Drátt fyrir að maturinn sem Jóhanna Vigdís ætlar að elda verði einfaldur og frekar ódýr segist hún ekki vera að gefa fólki ráð við kreppunni sem slíkri. „Þetta eru bara góð ráð. Það er hægt að búa til góðan og girnilegan mat án þess að það taki of langan tíma og án þess að það kosti of mikið. Auðvitað er stundum hægt að leika sér og kaupa dýrt hráefni en við teljum að fólk sé að hugsa um það sem það eldar kannski fjórum sinnum í viku,“ segir hún. „Fólk hefur lítinn tíma, allir eru svangir og vilja eitthvað



Í ELDHÚSINU Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir stjórnar matreiðsluþætti í Ríkissjónvarpinu sem hefur göngu sína í október.

girnilegt og fljótlegt. Eins og við vitum í því samfélagi sem við lifum endar fólk oft á því að panta pítu, sem tekur kannski lengri tíma en einmitt að elda einhvern rétt á pönnu.“

Eins og áður sagði hefur Jóhanna Vigdís gefið út tvær

metsölubækur um mat. Samt sem áður vill hún ekki gefa sig út fyrir að vera sérfræðingur í matreiðslu. „Ég er bara áhugamaður og er ekki útlærður kokkur. Ég er fyrst og fremst fréttamaður sem hefur gaman af því að búa til mat.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Aðstandendur sjónvarpsþáttanna Fangavaktarinnar og kvikmyndarinnar Bjarnfreðarson blésu til veislu á laugardagskvöldið síðasta. Þar var því fagnað að tókum á þáttunum og kvikmyndinni er lokið. Veislan var haldin á Bar-

böru á Laugavegi og meðal gesta voru Jón Gnarr, Pétur Jóhann og

Jörundur Ragnarsson.

Fjöldmargir vinir og kunningjar fögnuðu með þeim, til að mynda leikararnir Halldór Gylfason og Gunnar Hansson og leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir.



Spennan magnast fyrir Íslandsmeistaramótinu í póker sem fer fram á Hilton Hótel Nordica um helgina. Sigfús Sigurðsson, Auðunn Blöndal og Egill Einarsson eru á meðal þeirra sem hafa boðað komu sína á mótið og eru sérstök verðlaun í boði fyrir spilarana sem slá þá út. Nú heyrir að sjálfur Helgi Björnsson, söngvari og kvikmyndastjarna, velti fyrir sér að mæta á svæðið. Hann ku vera gríðarlega spennur fyrir mótinu og vonast til að koma

því fyrir á annars þéttbókaðri dagskrá sinni.

- hdm, afb



Bretar bítast um Íslandsmynd

„Þetta er alveg meiri háttar,“ segir leikstjórinn Jóhann Sigbórsson. Tvö bresk fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að kaupa dreifingarréttinn á nýrri íslenskrum heimildarmynd hans, Living on the Edge. Myndin verður kynnt á sjónvarpsstöðunum National Geographic kaupir hana til sýningar. „Þetta er ágætis peningur því þetta verður selt um allt. Þetta er íslenska tilraunin til að gera eitthvað Planet Earth-efni,“ segir Jóhann en Profilm sér um framleiðsluna.

Ætlunin er að myndin, sem er 52 mínútna löng, sýni sálina í íslensku þjóðinni. Enginn viðtöl eru í henni heldur fjallar sögumaður um það sem fyrir augu ber. Um tónlistina sér Hilmar Örn Hilmarsson. „Við höfum kallað þetta í gríni fyrsta skrefið til endurreisnar Íslands. Þetta er mjög pósitíf mynd fyrir Ísland og það er ekki minnst á bankahrunið eða neitt í þeim dúr,“ segir Jóhann. „Parna eru náttúruúlfsmýndir og heimikið kíkt á mannlífið líka.“

Jóhann segir að kreppan hafi ýtt undir gerð myndarinnar þó svo að hún hafi verið í mörg ár í undirbúningi. „Ég hef verið að safna efni í hana í fjögur ár. Þegar hrúðið kom fannst mér tilvalið að kyla á þetta og ég myndaði það síðasta í febrúar.“



JÓHANN SIGBÓRSSON Nýjasta mynd hans verður líklega tekin til sýningar hjá National Geographic.

Jóhann er margreyndur leikstjóri heimildarmynda og hefur gert myndir fyrir stöðvar á borð við Discovery, Animal Planet, TV2 og Danmarks Radio. Á meðal íslenskra heimildarmynda hans er Fæddur í paradís sem var ádeilumynd á virkjanafurkvæmdir þar sem rithöfundurinn Guðmundur Páll Ólafsson var í forgrunninum.

- fb

NÚNA SPÖRUM VIÐ.
ALLUR FISKUR*

1.190 KR.KG.

-SAMA HVAÐ ÞAÐ ER-

T.d.
Stórlúða, Smálúða,
Rauðspretta
o.fl. o.fl.



TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA

* (ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI, GILDIR EKKI UM FROSINN FISK)

SJÁUMST ELDHRESS Í DAG.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Europriis

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



Lágvöruverðsverslunin þín



6990

VETRARSETT

- Fóðraður galli, flíspeysa og flisbuxur
- Stráka / stelpu, st 92-134 cm



FRÁ **129**

KRUKKUR



299

SÚRAR GÚRKUR

- 900 gr

1 ltr

169

UPPVOTTALÖGUR

- 1 ltr

199

ORA HUMARSÚPA



1 ltr

349

SJAMPÓ


- 1 ltr
- 3 gerðir



129

MÝKINGAREFNI

- 1 ltr



599

AJAX PROFESSIONAL

- 1250 ml



199

GLERÚÐI

- 500 ml



399 pr. sett

SNYRTIVÖRUR

- Mikið úrval



1590

GLERAUGNAKLÚTAR

- 150 stk



Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

www.europriis.is



BAKÞANKAR
Brynhildar
Björnsdóttur

Tveggja turna tal

Í dag eru átta ár síðan þeir atburðir urðu er skóku alla heimsbyggðina. Ráðist var að hjarta mesta stórveldis heims og unnin spjöll sem aldrei verða bætt. Turnarnir tveir sem voru næstum eins og vörumerki borgarinnar hrundu og með þeim fjöldi manns og öryggis-tilfinningar heillar þjóðar.

ÖRYGGISTILFINNING Íslendinga er ekki upp á marga fiska núna. Allt það sem við trúðum á, héldum okkur vita og treystum í blindni brast fyrir tæpu ári og við sitjum enn með súrt bragðið í munninum, spurningar í augunum, tómhent. Við lifðum tryllta tíma gnægðar og gnóttar og sáum ekki út úr augunum fyrir moldroki um eigið ágæti. Og þegar rykið hefur sest situr ekki margt eftir. Nema turnarnir tveir.

TVEIR turnar sem gnæfa yfir borgina, rista upp fjallasýnina, spegla tómlega himin og haf, byrgja sæfarendum sýn, eru ljótir, kaldir, allt of allt of háir og fullkomlega út úr kú í þó sundurleitri borgarmynd Reykjavíkur. Grandhótelsturninn og Höfðatorgsspiran eyðileggja fyrir manni Esjuna og Skarðsheiðina og það er hvergi undankomu auðið, þeir eru svo háir að þeir sjást hvaðanæva að. Og ég var aldrei spurð hvort ég vildi hafa þessi skrímsli fyrir augunum alla tíð.

VIÐ erum nefnilega svo sjaldan spurð. Það á að heita að hinar og þessar framkvæmdir séu auglýstar og borgarbúum gefist kostur á að hafa skoðun, jafnvel að hafna því sem misbýður okkur. En auglýsingarnar eru ekki til þess fallnar að fanga athyglina og frestirnir renna hljóðlega út.

Á MIÐNÆTTI rennur út einn fresturinn enn. Þá hættum við að geta tjáð okkur um það hvort á að gera á miðbænum okkar spjöll sem aldrei verða bætt, parkera vinnuvélum árum saman á Austurvelli með tilheyrandi ófriði og eyðileggja hitt torgið með því að fylla það af húsum. Svo stöndum við í okkar framsæknu, hálfdaudu og galtómu tvíturum og horfum á steindaudan miðbæinn í kíki.

TIL miðnættis getur þú haft áhrif á það hvernig miðbærinn okkar verður um alla framtíð, ekki bara næstu árin. Ef þú ert ein(n) ef þeim sem fara með fjölskylduna í bæinn á 17. júní, sækir tónleika eða ferð á böll á NASA, flatmagar á Austurvelli þegar gott er veður eða gengur fyrir friði á Þorláksmessu niður á Ingólfstorg skaltu fara inn á www.bin.is og segja þína skoðun.

GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 11. september 2009, 254. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.39	13.24	20.07
Akureyri	6.21	13.09	19.55

Heimild: Almanak Háskólans

TOYOTA

Nýr Prius framtíðin er til sýnis

55 klst. í innanbæjarakstri • Meðaleyðsla 4,47 l/100 • 1052 km • Einn tankur

Framtíðin bíður. Ætlar þú með?
Prius kemur sífellt á óvart. Nújum Prius var ekið viðstöðulaust 1052 km á 55 klukkutímum um miðborg Reykjavíkur og meðaleyðslan var 4,47 l/100 km. Í innanbæjarakstri, þar sem sífellt er verið að stoppa og taka af stað, eyða bílar að jafnaði meira. Prius snýr dæminu við, eyðir litlu og mengar minna. Á föstudag og laugardag frumsýnum við nýjan Prius hjá Toyota í Kópavogi, tæknilega framúrskarandi bíl sem bíður eftir því að vera ekið um göturnar, sparlega.

Frumssýning um helgina - Opið föstudag frá kl. 10 til 18 og laugardag frá kl. 12 til 16.

Ólafur Guðmundsson, varaformaður FÍB og Formúla 1 dómari, innsiglaði bensíntank bílsins áður en lagt var af stað og staðfesti árangurinn.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Kynntu þér betur hvað gefur nýjum Prius sérstöðu á www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**